



Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

4. júlí 2005 - 178. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Skoraði átta mörk
Óskar Snær Vignisson, knattspyrnumaður með Hvöt á Blönduósi, náði þeim ótrúlega áfanga að skora átta mörk í einum og sama leiknum um helgina. Óskar fór hamförum gegn liði Afríku í 3. deildinni.



ÍPRÓTTIR 20

Nýtt og spennandi embætti
Gísli Tryggvason, nýr talsmaður neytenda segir að hann muni fyrst og fremst standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda og að eftir nokkurn tíma verði embættið búið að sanna sig.




TÍMAMÓT 18

Bubbi er einn af okkur
Guðmundur Andri Thorsson segir að þegar ráðist er á Bubba og Brynju, þá er ráðist á okkur öll. Fjandskapur gegn þeim er fjandskapur gegn þjóðinni allri.



UMRÆÐAN 16

VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL SUÐVESTAN TIL Annars víða rigning eða skúrir, einkum austan til. Hití 10-17 stig hlýjast suðvestan til.

Fasteignasalar ætla í mál gegn ríkinu

Verið er að undirbúa málshöfðun á hendur ríkinu vegna laga um fasteignaviðskipti sem tóku gildi fyrir tæpu ári. Menn í fasteignaviðskiptum segjast hafa orðið fyrir hundruða milljóna króna tjóni vegna þeirra.

VIÐSKIPTI Hópur manna sem eiga og starfa á fasteignasölum ætla í mál gegn ríkinu vegna laga um fasteignasala sem tóku gildi í haust. Hópurinn telur sig hafa orðið fyrir hundruða milljóna króna tjóni vegna þessara laga. Halldór H. Backman hæstaréttarlögmaður sér um málshöfðun hópsins. Hann segir að mennirnir telji að rökun fyrir nýjum lögum um fasteignasala séu ekki haldbær. Þetta gildi sérstaklega um höft á eignarhaldi á fasteignasölum en samkvæmt lögnum verða þær að vera í meirihlutaeigu löggildra fasteignasala. Slíkt hefur þó ekki alltaf gilt um fasteignasölur.

Hópurinn telur að þessi höft á eignarhaldi standist ekki stjórnarskrá og því sé verið að eyðileggja virði fyrirtækjanna með lagasetningunni. Helgi Bjarnason, framkvæmdastjóri Draumahúsa, segir að mennirnir, sem standa að málshöfðuninni, telji sig vera með fyrirtæki sem séu mikils virði ef eðlileg skilyrði eru á markaði og hver sem er geti keypt, ekki bara 250 manna hópur löggiltra fasteignasala. „Þarna er verið að eyðileggja mögulegt söluandvirði þessara fyrirtækja. Það er ekki gerð krafa um það í lögum að flugstjóri eigi meirihluta í FL Group enda væri virði

fyrirtækisins þá allt annað en það er á frjálsum markaði. Það er ekki heldur gerð krafa um að verðbréfamíðlari eigi Landsbankann þó að mikil ábyrgð fylgi verðbréfamíðluninni og verðbréfamíðlari verði að starfa þar á gólfinu,“ segir hann. „Aðalinntakið er að þarna verði að koma á viðskiptahöftum. Þetta er misskilningur þeirra sem sömdu lögin um það hvernig beri að verja hagsmuni aðila og rugla saman hugmyndafræði um hvernig hagsmunir neytenda séu varðir og hvernig rekstur fyrirtækja gengur fyrir sig,“ segir Helgi. Vonir standa til að niðurstaða fái í málið næsta vetur.

Viðskipti Baugs í Bretlandi: Ákæran skapar nokkra óvissu

BAUGSMÁLID Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, kannast ekki við að fyrirtækið hafi boðist til þess að draga sig út úr hópi fjárfesta sem á í viðræðum um kaup á bresku verslanakeðjunni Somerfield. Bresk blöð sögðu í gær að Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, hefði boðist til að draga Baug út úr hópnunum í kjölfar kærnu Ríkislögreglustjóra á hendur fyrirtækinu. Telja blöðin að Baugur eigi ekki greiða leið að bankalánunum á meðan óvissa ríkir um framtíð fyrirtækisins. Blaðamaður Daily Telegraph sagðist í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi hafa heimildir fyrir því að Baugur vildi halda samningaviðræðum áfram en óvíst væri hvort hinir fjárfestarnir væru enn spennir fyrir samstarfinu.

Sjá síðu 2/- bps

Upptökum nýrrar plötu lokið: Sigur Rós syngur á íslensku

TÓNLIST Upptökum á nýrri geisla-plötu hljómsveitarinnar Sigur Rósar er lokið en þær hafa staðið með hléum síðasta eina og hálfu árið. Upptökur fóru fram í hljóðveri hljómsveitarinnar í Mosfellsbæ en lokafrágangur í New York. Áætlað er að platan komi út í september. Flest lög hennar eru sungin á íslensku en nokkur eru á vönlensku - málinu sem Jónsi söngvari bjó til og söng á síðustu plötu sem kom út 2002. Var sú nafnlaus og lögin á henni einnig. Nýja platan er sögð ólík ónefndu plötunni en sverja sig frekar í ætt við Ágætis byrjun sem kom út árið 2000. Innan fárra daga hefst hljómlaikaferð Sigur Rósar um Evrópu, Japan og Ástralíu.

-bps



AURSKRIÐA LOKAR VEGINUM Á Fáskrúðsfirði flæddi lækur yfir bakka sína og olli talsverðum skemmdum. Muna menn ekki eftir slíkum rigningum á þessum árstíma. Aurskriður féllu á veginni í Fagradal og var honum fljótlega lokað vegna skemmda og hættuástands.

Mikið vatnsveður á Austurlandi: Talsvert tjón vegna rigninga

VEÐURHAMUR Gríðarleg rigning á Austurlandi olli víða tjóni í gær. Um hádegisbil féllu skriður á veginni í Fagradal milli Reyðarfjarðar og Egilsstaða og var veginum fljótlega lokað vegna skemmda og hættuástands. Vegurinn var lokaður allan daginn í gær. Víða varð mikið flóð í ám og lækjum og minnstu munaði að Fossá í Reyðarfirði ylli tjóni við bæinn Sléttu. Sigurður Baldursson, bóndi á Sléttu, sagðist í samtali við Fréttablaðið ekki muna eftir slíkum rigningum á þessum árstíma.

Áin stíflaðist skammt frá bænum og á tímabili virtust mannvirki á bænum vera í hættu. Með öflugum vinnuvélum tókst að beina ánni í réttan farveg og afstýra hættuástandi. Á Fáskrúðsfirði varð töluvert tjón vegna rigninganna. Lækur stíflaðist og breytti um farveg með þeim afleiðingum að vatn og drulla rann yfir götur bæjarins og inn í garða. Töluverðar skemmdir urðu í gördum en gatnamannvirki sluppu að mestu. Þá lak inn í kjallara á húsi í bænum.

Ljósleiðari Símans á Austurlandi rofnaði um hádegisbil í gær vegna aurskriðunnar í Fagradal. Bilunin hafði engin áhrif á talsíma-samband en útsendingar Ríkissjónvarpsins láu niðri á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði, Breiðdalsvík og Djúpvaggi. Þá hafði bilunin einnig áhrif á gagnaflutninga í gegnum internetið víða á Austfjörðum og GSM sambandslaust var á Fáskrúðsfirði. Vegna ófærðar komust viðgerðarmenn ekki á staðinn í gær en viðgerð hefst í dag um leið og veður leyfir.

-þo

HÖFUÐBORGARSVÆÐID
Mánudagur: 25-49 ára*

Fréttablaðið 73%
Mbl 48%

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í apríl 2005. Lestur á mánudögum.

VIKULEGAR SIGLINGAR

FRÖSTUDAGAR
Esbjerg / Danmörk

591 3000

„Mamma ætlaði bara að skjótast út í búð. Hún sagði að ég þyrfti ekki að fara í bílbelti af því að við værum að fara svo stutt.“

Þessi frásögn er byggð á raunverulegum atburðum.

HVÍTA HÚSID / SJÁ 3161

✝ **ÁHÆTTAN ER ALDREI ÞESS VIRÐI**



UMFERÐARSTOFA

Við losnum út eftir 63 daga.

Að sitja læstar inni í 63 daga til viðbótar virðist kannski ekki svo langur tími. En þegar við þurfum að dúsa aðþrengdar með allt of litinn hraða, upplifum við þessa 63 daga ekki sem 1.512 klukkustundir, eða 90.720 mínútur heldur sem 5.443.200 sekúndur í einangrun. Krítum eitt strik fyrir hverja sekúndu.

Þvílík ósanngirni. En til allrar hamingju þá höfum við hvor aðra og tölum mikið um hvað framtíðin er björt með háhraðatengingu á frábæru verði frá Hive.

**Lára Hrönn Árnadóttir
og Ólöf Brynja Aradóttir**
Litlagerði 12,
108 Reykjavík



GOTTI FOLK MCCANN

3.990*

HiveLite

Þráðlaust internet
4GB niðurhal
8Mb tenging

*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér þráðlaust internet, 4GB niðurhal, 8Mb tengingu og fullkominn tækjabúnað á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is Grensásvegur 16, 105 Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is

Hive



5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPU FÁST HJÁ ORMSSON

Samkvæmt könnun Neytendasamtakanna og *ICRT.

*Óháð alþjóðleg heildarsamtök neytendasamtaka.

Gerðu kröfur – við uppfyllum þær!

Plasma og LCD sjónvörp eru vinsæl vegna gæðanna – útlits og upplausnar. Þess vegna er viturlegt að vanda valið þegar kemur að kaupum á þessu veglega heimilistæki.

1. sæti:

Pioneer



PIONEER PDP-435FDE

- Plasma skjár.
- Skjástærð 43" / 109 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1200:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1024:768 dýlar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

Verð: 599.900 kr.

2. sæti:

LOEWE.



LOEWE Xelos A-26

- Svartur HD-TFT LCD Skjár.
- Skjástærð 26"
- Birta 450cd/M2 - Skerpa 800:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1366:768 dýlar
- Textavarp m/ 3500 síðna minni
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

Verð: 239.900 kr

3. sæti:

SAMSUNG



SAMSUNG PS-42 S4S

- 42" plasma sjónvarp
- Upplausn: 852 x 480
- Birta: 1000 cd/m2
- Skerpa: 3000:1
- DNle myndleiðrétting
- 2100 síðna textavarpminni
- Líftími 60.000 klst

Verð: 369.900 kr.

4. sæti:

annað merki

5. sæti:

annað merki

6. sæti:

LOEWE.



LOEWE Concept L-42

- Plasma skjár.
- Skjástærð 42" / 106 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1000:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 852:480 dýlar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari m / útvarpi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Fáanlegt Svart eða Grátt

Verð: 399.900 kr.

7. sæti:

SAMSUNG



SAMSUNG LW26A33

- 26" LCD sjónvarp
- Upplausn: 1280 x 768
- Birta: 500 cd/m2
- Skerpa: 600:1
- DNle myndleiðrétting
- 200 textavarpminni

Verð: 199.900 kr.

SMÁRALIND
Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800

ORMSSON

GERÐU KRÖFUR - VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR

Hverfandi kynjamunur í umönnun ungbarna:

Feðrum í fæðingarorlofi fjölgar

ORLOFSMÁL Foreldrum í fæðingarorlofi hefur fjölgað um rúmlega tvö þúsund á síðustu tveimur árum, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins. Feðrum í orlofi hefur hlutfallslega fjölgað meira en mæðrum milli ára og kynjamunurinn er orðinn hverfandi. 50.5 prósent þeirra sem fengu greitt úr Fæðingarorlofssjóði í fyrra voru mæður en 49.5 prósent feður. Árið áður voru feður 46.3 prósent en mæður 53.7 prósent.

Alls voru 10.663 foreldrar á vinnumarkaði í fæðingarorlofi á síðasta ári og hafði fjölgað milli

ára um 1.083. Samtals greiddi Fæðingarorlofssjóður rúmlega sex milljarða króna til foreldra á síðasta ári, tæplega 3.4 milljónir til mæðra og rúmlega 2.8 milljónir til fedra.

Fæðingarorlofssjóður greiðir enn fremur fæðingarstyrk til foreldra utan vinnumarkaðar og þeirra sem eru í námi. Þar fengu 1.570 foreldrar fæðingarstyrk á árinu 2004, 1.218 mæður og 352 feður.

Í árslok 2004 nam skuld Fæðingarorlofssjóðs við ríkissjóð rúmum einum milljarði króna.

-jss



FÆÐINGARORLOF Algengara verður með hverju árinu sem líður að feður taki fæðingarorlof til að annast ungabörn sín. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar.

Fimmtán ára stúlka leitaði til lögreglunnar í Ólafsvík um helgina



Byrjað ólyfjan og nauðgað á Færeyskum dögum

Tvær aðrar stúlkur segjast hafa fengið nauðgunarlyfið

Þeir þegar aðrir þegja!

Réttindi samkynhneigðra:

Össur vill breyta lögum

STJÓRNMÁL Össur Skarphéðinsson vill að á næsta þingi verði lögum breytt til að leyfa frumættleiðingar samkynhneigðra og kirkjuvígslu á hjónaböndum þeirra. „Ég er þeirrar skoðunar að það sé gróf mismunur gagnvart samkynhneigðum að þeir fái ekki að helga hjónaband sitt frammi fyrir guði ef þeir eru trúaðir og óska þess,“ sagði Össur í samtali við Fréttablaðið.

Hann telur að lög stangist á við breytingarnar sem gerðar voru á mannréttindaákvæði stjórnarskránnar 1995 sem segir að ekki megi mismuna vegna kynhneigðar. „Þess utan finnst mér slæmt að kirkjan skuli vera í fylkingarbrjósti þeirra sem vilja mismuna gegn samkynhneigðum,“ segir hann. Össur vill að sam-



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON Vill breyta lögum til að leyfa frumættleiðingar samkynhneigðra og kirkjuvígslu á hjónaböndum þeirra.

kynhneigðir geti frumættleitt börn og segir að annað sé brot á stjórnarskránni; „Það er alveg ljóst að við þingmenn Samfylking-

arinnar og hugsanlega fleiri leggjum fram þingmál um breytingar á þessu á næsta þingi, ef ríkisstjórnin gerir það ekki.“

FLUGSTÖÐ LEIFS EIRÍKSSONAR

Gefðu þér tíma í Leifsstöð



Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30

Forðist biðraðir á flugvælinum

Vegna aukinna öryggisráðstafana á flugvöllum og til hægðarauka hvetjum við farþega til að mæta tímanlega í Leifsstöð þegar farið er úr landi. Við mælum með að farþegar mæti í flugstöðina tveimur klukkustundum fyrir brottför.

Ókeypis sætaferðir frá BSÍ kl. 4.30 á morgnana í boði Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar.

Athugið að innritun í Flugstöðinni hefst kl. 5.00. Tilboðið gildir frá 1. júní - 31. ágúst 2005

Finnið rúturnar með okkar merki



SENDIRÁÐSBÍLL FJARLÆGÐUR Sendiráðsbíll sést hér fjarlægður af vettvangi í Bagdad þar sem æðsta sendimanni Egyptalands var rænt.

Æðsta sendimanni Egypta í Írak rænt:

Sakaður um að vera bandarískur njósnari

ÍRAK, AP Æðsta sendimanni Egypta í Írak hefur verið rænt. Einungis eru örfáar vikur síðan sendimaðurinn, Ihab al-Sherif, kom til Íraks en áður hafði hann verið sendimaður í Líbanon og Sýrlandi.


Al-Sherif var rænt þegar hann stoppaði á götu við Bagdad til að kaupa sér dagblað. Að sögn sjónarvotta réðust að honum byssumenn sem börðu hann niður og sökuðu hann um að vera bandarískan njósnara áður en hann var numinn á brott í bíl.

Ránið er mikið bakslag fyrir Bandaríkjamenn sem hafa lagt

þrýsting á löndin í arabíska heiminum að senda mikilsmetna sendimenn til að sinna diplómátskum störfum í Írak. Með því er vonast til að náist að treysta ríkisstjórn landsins enn frekar í sessi.

Þetta er í annað sinn sem egyptskum sendimanni er rænt í Írak. Fyrir tæpu ári var Mohammed Mamdouh Helmi Qutb rænt af íslömskum öfgahóp og var í haldi í heilan mánuð. Honum var sleppt þegar Egyptar lýstu því yfir að þeir ætluðu ekki að senda hermenn til Írak til að berjast við hlið Bandaríkjamanna. ■

TÝNDUR



Lýst er eftir Darra Logasyni. Darri er 185 cm á hæð og með skolleitt hár. Hann hvarf fyrir u.þ.b. fimm mínútum. Síðast þegar heyrðist til Darra var hann að tala við kærustuna sína í síma en þá rofnaði sambandið allt í einu. Hann var í miðri setningu. Hún skilur ekkert hvað hann var að spá. Eru þau ekki örugglega saman ennþá? Er hann kannski ekkert skotinn í henni lengur? **Ef þú sérð Darra, segðu honum að nota SOS næst þegar inneignin klárast.**

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

SOS
LÁTTU VITA AF ÞÉR

SOS LÁN
Við lánum þér 100 krónur ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS LAN** í síma **1400**.

SOS HRINGDU
Láttu hringja í þig ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS símanúmer** (þess sem á að hringja í þig) í síma **1400**.



Heyrumst!

Sprenging í stjórnstöð vatnsdreifingar eykur á vanda:

Milljónir Bagdadbúa án vatns

BAGDAD. AP Milljónir íbúa Bagdad hafa ekki lengur aðgang að vatni eftir að eldur kom upp í stjórnstöð sem sér um að dæla vatni inn í borgina. Eldsvöðinn braust út aðeins degi eftir að borgarstjóri Bagdad kvartaði undan því að innviðir borgarinnar væru í lama-sessi og hótaði að segja af sér ef ríkisstjórnin léti ekki til sín taka.

Eldurinn braust út snemma morguns. Orsakir hans voru ekki ljósar, yfirmaður stjórnstöðvarinnar sagðist telja að vígamenn hefðu komið fyrir sprengju en talsmaður fjölþjóðlega herliðsins í Bagdad sagði að ekki væri um sprengjuárás að ræða.

Alaa Mahmoud al-Timimi, borgarstjóri í Bagdad, hefur gagnrýnt harðlega hversu illa gengur að byggja upp innviði borgarinnar þar sem sex og hálf milljón íbúa þurfi ekki aðeins að þola mannrán og árásir vígamanna heldur líka verulegan skort á vatni, rafmagni og eldsneyti.

Samkvæmt upplýsingum frá borgarstjórn Bagdad fá íbúar borgarinnar aðeins rúmlega helming þess vatns sem þeir þurfa dag hvern. Að auki er leiðsluferfið svo lélegt að sums staðar mengast vatnið af skólpi áður en það berst íbúum. ■



Á GANGI Í BAGDAD Vatnsleiðslur Bagdad eru svo slæmar að mikið vatn lekur út og glatast. Illa hefur gengið að fjármagna úrbætur.



LÍTIÐ SYNT Ekkert pláss til að synda í sundlaug Nanjing-borgar í Kína í gær. Margir skelltu sér í lauginu til að kæla sig, þar sem hitinn náði allt að 38 gráðum.

LÖGREGLUFRETTIR

ÖLVUNARAKSTUR Þrjú voru teknir grunaðir um ölvun við akstur í Reykjavík í fyrri nótt. Þá stöðvaði lögreglan í Keflavík einn öku-mann sem einnig er grunaður um ölvun.

BÍLVELTA Seinni part föstudags veltu tvær stúlkur bíl sínum á malarvegi í Svínadal. Stúlkurnar voru fluttar á heilsugæslustöðina í Búðardal og öku-maðurinn fluttur áfram þaðan til Reykjavíkur. Tildrög slyssins eru óljós en aðstæður á veginum voru slæmar.

RÓLEGAR HÁTÍÐIR Hamingjudagar í Hólmavík fóru vel fram og þar komu engin mál inn á borð til lögreglu. Í nágrenni Bildudals voru einnig haldnar tvær rólegar hátíðir. Landsmót Sniglanna í Tjarnarlundi fór vel fram og þar var öll umgengni til mikillar fyrirmyndar. Sömu sögu er að segja frá Mjólkurhátíð SÁA sem haldin var á Staðarfelli.

Sóknarnefndarformaður Garðasóknar:

Deilir ekki við dómarrann

PRESTSDEILUR Nanna Guðrún Zoëga djákni, Friðrik J. Hjartar sóknarprestur, Matthías G. Pétursson sóknarnefndarformaður og Arthur K. Farestveit varaformaður sóknarnefndar hafa verið áminnt af biskupi fyrir framkomu sína við Hans Markús Hafsteinsson sóknarprest. Biskup hitti fjórmenningana á fundi þar sem mála-vextir voru ræddir.

Matthías sagðist ósáttur við áminninguna en unír þó niðurstöðunni. „Það þýðir ekki að deila við dómarrann“, segir Matthías.

Mál Hans Markúsar gegn fjórmenningunum og biskupi verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í haust. Hvort Hans Markús situr áfram sem sóknarprestur þangað til er á valdi biskups en hann hefur lýst því yfir að hann sé bundinn af niðurstöðu áfrýjunar-



VIDÁLNSKIRKJA Í GARÐABÆ Biskup segist bundinn af niðurstöðum áfrýjunarnefndar Þjóðkirkjunnar.

nefndar Þjóðkirkjunnar og þurfi því að færa Hans Markús til í starfi jafnframt því sem hann áminnr fjórmenningana.

Hans Markús hefur ekki tók á því að hitta biskup fyrir en í þessari viku, af persónulegum ástæðum.

Lögmaður sóknarprests:

Áminning ekki nóg

„Biskupsstofa hefur fyrir-gert öllu trausti af hálfu sóknarprests til að taka á þessu viðkvæma máli“, segir í yfirlýsingu sem Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Hans Markúsar Péturssonar, sóknarprests í Garðasókn, sendi út fyrir helgi.

Hann telur áminningu biskupsstofu á hendur djákna, prests, formanni og varaformanni sóknarnefndar ónóga. „Það hvernig biskupsstofa gerir lítið úr brotum fjórmenninganna er enn eitt dæmið um óeðlileg afskipti embættisins af málinu“, segir hann og átelur biskup fyrir að víkja ekki sæti í umfjöllun um málið.

- óká

ORDABÓKAÚTGAFAN

Phrasebook

16 tungumál

Sænska
Rússneska
Pólska
Norska
Hollenska
Finnneska
Enska
Danska

Samtalsbók

ORDABÓKAÚTGAFAN

ORDABÓKAÚTGAFAN

Phrasebook-Europe

Samtalsbók-Evrópa

Samtalsbók

16 tungumál

Franska
Gríska
Ítalska
Portúgalska
Serbó-Króatíska
Spænska
Þýska

Phrasebook

16 languages

Ísland
Danmörk
Bretland
Bandaríkin
Finnland
Holland
Noregur
Pólland
Rússland
Svíþjóð

Þessi útgáfa Samtalsbókarinnar er miðuð við að Íslendingur geti gert sig skiljanlegan á fimmtán tungumálum. Boðið er upp á algengustu orðasambönd og setningar sem ferðamaður þarf á að halda varðandi gistingu, veitingastaði, verslun og þjónustu.

Auðvelt er að finna þá setningu eða orðasamband sem við á hverju sinni. Einnig eru skýrar leiðbeiningar um framburð viðkomandi tungumáls.

Þú veltir Samtalsbókinni til að komast í hinn hluta hennar.

Samtalsbókin er fánleg hjá bóksólum í Reykjavík og um allt land. Hún fæst einnig hjá Íslenskum markaði í Flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli.

Ísland
Frakkland
Grikkland
Ítalía
Portúgal
Serbó-Króatía
Spánn
Þýskaland

Héraðsdómur fjallar um fjölda afbrota ungs manns:

Braut glas á andliti manns á Traffic

DÓMSTÓLAR Aðalmeðferð í máli 23 ára Keflvíkings sem ákærður er fyrir fjölda afbrota, flest tengd þjófnum, en einnig fyrir alvarlega líkamsárás, fór fram í Héraðsdómi Reykjaness fyrir helgi.

Maðurinn stal farsímum, veskjum, misnotaði greiðslukort sem hann stal, braust inn í bíla, veitingastað og söluturn, auk þess að vera í nokkur skipti gripinn með amfetamín og e-töflur í neysluskömmtum.

Alvarlegasta brotið er þó líkamsárás á veitingastaðnum Traffic í Keflavík í ágústlok í fyrra, en þá braut hann glas á



INNI Á TRAFFIC Í MAÍ Fyrir helgi var réttað í máli 23 ára gamals manns sem 30. ágúst í fyrra braut glas á andliti annars inni á veitingastaðnum Traffic í Keflavík. Maðurinn er einnig kærður fyrir fjölda annarra brota.

andliti manns. Sá hlaut af djúpan skurð á gagnauga auk annarra meiðsla.

Mál tveggja Hafnfirðinga, 23 og 27 ára, voru skilin frá og verður réttað í þeim sérstaklega. Annar var með í innbroti á veitingastaðinn Cactus í Grindavík í maí í fyrra, en hinn var tekinn með hálf gram af amfetamíni þar sem hann skemmti sér með Keflvíkingsnum á veitingastað.

Ekki náðist í eitt vitni í málinu og verður aðalmeðferð því lokið í vikunni, en dóms væntir fljótlega eftir þann tíma.

-óka



REYNT AÐ HEMJA VILLIHESTA Á hverju ári er hundruðum villtra hrossa safnað saman úr fjöllum nærri San Lorenzo í Sabudeco á Spáni. Heimamenn reyna svo viljastyrk sinn gegn hestunum, og skera fax þeirra, áður en hestunum er sleppt aftur lausum út í náttúruna.



DEEP IMPACT GEIMSKIPIÐ Skeyti frá geimskipinu mun rekast á halastjörnu Tempel 1 á 431 milljón kílómetra hraða og brjóta á hana gat.

Deep Impact leiðangurinn:

Flugeldasýning í geimnum

BANDARÍKIN, AP Bandaríska geimvísindastofnunin NASA stendur fyrir flugeldasýningu í geimnum í dag, þjóðhátíðardag Bandaríkjanna, ef allt gengur eftir. Mörgum finnst verkefnið minna meira á söguþráð í kvikmynd en alvöru rannsóknir en það snýst um að mannlaust skeyti á 431 milljón kílómetra hraða rekist á halastjörnu og brýtur á hana gat.

Skeytið er sent frá geimfarinu Deep Impact sem lagði af stað frá jörðu í janúar til að safna upplýsingum um samsetningu halastjörnunnar Tempel 1. Vonast er til að upplýsingarnar varpi einhverju ljósi á uppruna halastjarna og um leið uppruna heimsins.

- at

LÖGREGLUFRETTIR

ERILL Á AKUREYRI Mikill erill var hjá lögreglunni á Akureyri aðfaranótt sunnudags enda margt um manninn í bænum. Fimm gistu fangageymslur yfir nóttina vegna fíkniefnamáls sem nú telst upplýst.

ÓHÖPP Í ÖXNADAL Um miðjan dag í gær urðu tvö bílslys í Öxnadal með stuttu millibili. Í bæði skiptin var um árekstra að ræða en ekki urðu slys á fólki. Umferð á Norðurlandi var mikil í gær og aðstæður til aksturs víða slæmar í rigningunni.

AURSKRIÐUR Lögreglan á Eskifirði þurfti að hafa afskipti af nokkrum öikumönnum sem urðu innlyksa þegar skriða lokaði veginum um Fagradal. Miklir vatnavextir á Austurlandi í gær ollu víða skemmdum og vandræðum en engin slys urðu á fólki.

HÁSKÓLAÚTILEGA Á SKÓGUM Um 400 til 500 manns lögðu leið sína á Skóga um helgina og var lögreglan á Hvolsvelli með auk- ið eftirlit þar. Í gær voru allir öikumenn látnir blása áður en þeir lögðu í hann og var einn tekinn grunaður um ölvun við akstur. Sá kom akandi til lögreglunnar til að fá að blása. Annars gekk hátíðin vel fyrir sig og þurfti lögreglan ekki að hafa mikil afskipti af fólki.

útsala

íþróttaskór sundföt sportfatnaður barnafatnaður

30 til 70 prósent

afsláttur

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

„ORÐRÉTT“

„Halldór ber fullt traust til Ríkisendurskoðunar og þetta álit, sem greitt er fyrir af stjórnarandstöðunni, breytir engu þar um.“

STEINGRÍMUR ÓLAFSSON
BLAÐAUFLLTRÚÍ FORSÆTISRÁÐUNEY-
TISINS Í FRÉTTABLAÐINU.

„Þetta er uppsafnaður áhugi. Maður fylgist með fréttunum og sér börnin svelta og fer náttúrulega bara að gráta eins og annað fólk.“

BJÖRK GUÐMUNDSDÓTTIR
Í MORGUNBLAÐINU.

HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

Eruð þið í björgunarsveitinni?

Aldrei hefur verið jafn gott að komast í hús og eftir göngu gærdagsins. Veðrið var hundleiðinlegt; rok og rigning, og svo sem óðs manns æði að vera á göngu við svona aðstæður. Sannast sagna leist okkur ekkert á blikuna þegar við vöknudum í gærmorgun en auðvitað létum við okkur hafa það að ganga af stað. Dagleiðin var líka óvenju stutt miðað við undanfarna daga, aðeins 22 kílómetrar(!), sem við gengum á rúmum fjórum tímum.

Það má segja að veðurofsinn hafi gert það að verkum að við gengum hraðar en ella en í verstu kvíðunum þurftum við að stoppa og halda okkur fast í göngustafina og passa hreinlega að fjúka ekki inn á veginn. Fjöldi bíla kom á móti okkur, flestir líklega á heimleið eftir humarhátíðna á Höfn í Hornafirði. Margir flautuðu og veifuðu til okkar en

sumir stoppuðu og spurðu hvort ekki væri í lagi að halda áfram. Héldu hinir sömu að við værum björgunarsveitarmenn og að erindi okkar á veginum væri að segja fólki að snúa við vegna veðurs.

Eftir svona dag er gengið snemma til náða en þó ekki fyrr en góð máltíð er afstaðin og búið að spila og syngja nokkra Bubba slagara. Hann er kóngurinn og fylgir okkur á göngunni með ódauðlegum lögum sínum.


Í dag verður gengið frá Hrollausstöðum langleiðina á Höfn og er spottinn um það bil 30 kílómetrar. Er vonandi að veðrið verði ögn skárri en í gær.

Kær kveðja,
Bjarki, Guðbrandur og Tómas.



tilveran

nær og fjær



GEYMSLUR
SELF STORAGE CENTER

Í fyrsta sinn á Íslandi er í boði geymsluhúsnæði að erlendri fyrirmynd. Losaðu um þrengslin og komdu eigum þínum í hreina og örugga geymslu. Þú átt líka erindi til okkar ef bílskúrinn er yfirfullur.

- Bókhald og gögn
- Lager fyrir minni fyrirtæki
- Vélar og tæki fyrir verktaka og iðnaðarmenn
- Búslóðir
- Bókasöfn
- Nú er tíminn til að geyma vetrarvöruna
- Samningstími allt niður í 30 daga

- Öflugt öryggiskerfi
- 24 tíma gæsla
- Lás að hverri geymslu
- Varmahiti í gólfi
- Jafnt hitastig
- 100% hreinlæti
- Nýtt húsnæði
- Frá kr. 2,990 á mánuði



Þú sérð húsið og skiltið frá Reykjanesbrautinni. Við erum í næsta húsi við Marel í Garðabæ. Nánari upplýsingar eru á www.geymslur.com

Geymslur ehf. - Miðhrauni 4 - 210 Garðabæ
Hringdu núna í síma 555-34-64



JARPRÚÐUR ÞÓRHALLSDÓTTIR Það er erfitt að vera aldrei öruggur og vita ekki hvort barnið fái að njóta sumarsins á viðeigandi stað eða ekki.

Þetta snýst um jafnrétti

Fyrir flesta er sumarfríð hvíld frá amstri hversdagsins en fyrir Jarprúði Þórhallsdóttur, sem á einhverfa dóttur, getur álag og umstang aukist í fríinu. Hún hvetur kvennahreyfinguna til að berjast fyrir bættum hag foreldra fatlaðra og langveikra barna.

„Þegar kom að sumarfríi fór allt upp í loft,“ segir Jarprúður Þórhallsdóttir, móðir Gunnarar sem er einhverf, þegar hún rifjar upp árin sem Gunnar bjó enn í foreldrahúsum. Hún er nú orðin 22 ára og flutt að heiman.

„Það er heilmikil vinna að púsla öllu saman og fólk þarf bæði að hafa mikla þekkingu á kerfinu og endalausa orku. Það þarf að skipuleggja hverja stund fyrir sum börn því þau þola ekki lausung.“

Sumardvöl fyrir einhverf börn hefur verið rekin í gegnum árin en fólk hefur aldrei haft vissu fyrir hvort hún verði starfrækt aftur. „Sumardvölin hefur aldrei verið á

föstum fjárlögum og því aldrei neitt í hendi,“ segir Jarprúður. „Árlega þurftum við að fara í ráðuneytið og athuga hvort peningum yrði veitt til starfseminnar.“

Sumardvölin varði aðeins í tiltekinn tíma sumars og bæði fyrir og eftir þurfti að brúa bil. Jarprúður tók sér þá frí úr vinnu og segir slíkt yfirleitt koma í hlut mæðranna, sem margar hverjar hverfa jafnvel algjörlega af vinnumarkaði. „Þess vegna er þetta jafnréttisbaráttu og ég vildi gjarnan sjá kvennahreyfinguna taka málið upp á sína arma. En þetta er ekki bara jafnréttisbaráttu kynjanna heldur snýst þetta líka um annars konar jafnrétti. Nefnilega jafna möguleika fjölskyldu sem er með fatlað barn á framfæri og ekki síður jafna möguleika barnanna sjálfra til tilbreytingar og þátttöku í samfélaginu.“

Jarprúður kveðst þekkja margar foreldra sem lent hafa í miklum erfiðleikum með börn sín en segist sjálf hafa verið heppin og alltaf hafi greiðst úr flækjum. Engu síður hafi ástandið reynt á. „Það er erfitt að vera aldrei öruggur og vita ekki hvort barnið fái að njóta sumarsins á viðeigandi stað eða ekki.“

bergsteinn@frettabladid.is

Skessuhorni vex ásmegin:

Kaupir hestavefinn 847.is

Fyrirtækið Skessuhorn ehf, sem gefur út héraðsfréttablaðið Skessuhorn á Vesturlandi og vefmiðilinn skessuhorn.is, hefur fest kaup á hestavefnum 847.is.

847.is hefur verið til í fimm ár en sjálfur Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra opnaði vefinn með tilheyrandi pompi og prakt á sínum tíma. Á vefnum er fjallað um allt sem lýtur að hestum og hestamennsku og er hann í flokki vinsælustu vefja landsins á sínu sviði.

Daníel Ben Þorgeirsson stofnaði vefinn og ritstýrir honum áfram. Guðbjörg Ólafsdóttir og Magnús Magnússon eru eigendur Skessuhorns.

Nafn sitt dregur vefurinn af aðaleinkunn stóðhestsins Dyns frá Hvammi sem var hæst dæmdu stóðhestur Íslands í röðum klárhesta um árabíl og hljómar talan sem sínfónía í eyrum hestamanna.

-bps



90,9

MARKAÐURINN

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

Allir CONTINENTAL
stuttermabolir kr. **995.-**

Allir CONTINENTAL
langermabolir kr. **1695.-**



Mikið úrval - Margar gerðir

SLENDERTONE
FLEXMAX

Öflugasta tækið
10 kerfi þar af 2 uppsetukerfi og
2 sportkerfi, auka blöðkusett.
Styrkur 0-130

Verð nú kr. 17.900.- Verð áður kr. 26.900.-

AFGERANDI ÁRANGUR

Eftir 8 vikna notkun sýndu óháðar rannsóknir :

- að jafnaði 3,5 cm minna mittismál
- 49% styrking kviðvöðva
- 72% aukin uppsetugeta
- 100% þátttakenda staðfestu stinnari og sléttari kviðvöðva



SLENDERTONE™ 7 kerfi, styrkur 0-99
FLEX

Verð nú kr. 12.900.- Verð áður kr. 19.900.-

Opið

Virka daga frá kl. 10-18
Lokað laugardaga í sumar

allt fyrir kroppinn

HREYSTI


Skeifunni 19 - S. 568 1717

Sendum í póströfu um land allt

SVONA ERUM VIÐ

FJÖLDI TEKINN VIÐ ÖLVUNARAKTUR Í REYKJAVÍK

Heimild: Ársskýrsla lögreglustjórans í Reykjavík



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: REKSTUR HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

Jafnvægi náð með aðhaldi

Gula spjaldinu beitt af hörku

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár ekki viljað veita skólastjórnendum formlegar áminningar fari skólarnir fram úr fjárheimildum, eins og ráðuneytinu ber skylda til samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga. Ráðuneytið hefur reynt að fara mýkri leiðir til að halda skólunum innan fjárveitinga en að mati Ríkisendurskoðunar verður ráðuneytið að láta af því og beita gula spjaldinu af hörku. Ráðningarsamninga forstöðumanna skólanna á ekki að endurnýja fyrr en ráðuneytið hefur lokið skoðun á fjármálastjórn þeirra, segir Ríkisendurskoðun.

Hvað var hallinn mikill?

Árið 2002 var 36 milljóna króna halli á rekstri skólans og árið 2003 voru settar fjöldatakmörkin í öllum deildum háskólans. Sama ár

var námskeiðum fækkað og samkensla á námskeiðum milli deilda aukin.

Hvernig á að spara?

Í haust verða ekki teknir inn nýir nemendur í upplýsinga- tæknideild. Deildinni hefur fylgt há fastur kostnaður en fáir nemendur. Takist skólanum að lækka kostnað og fjölga nemendum er stefnt á að opna fyrir innritun í deildina á ný.

Rekstur auðlindaeyddar verður endurskoðaður og námsbrautum hugsanlega fækkað en þær eru nú fimm. Rekstur félagsvísinda- og lagadeildar verður einnig endurskoðaður með að leiðarljósi að



fækka námskeiðum, án þess að leggja niður námsbrautir. Einnig verður farið yfir stjórnsýslu og almenna þjónustu skólans og reynt að ná þar fram sparnaði.

SPURT & SVARÐ

SKIPTA SAMTÖKIN '78 MÁLI?



HRAFNKELL TJÖRVI STEFÁNSSON
framkvæmdastjóri Samtakanna '78

Vantar enn upp á fræðslu

Samtökin '78 hafa í áratugi barist fyrir jöfnum rétti samkynhneigðra á Íslandi.

Skipta samtökin máli fyrir samkynhneigða á Íslandi? Ég segi að þau skipti miklu máli. Í grunninn erum við hagsmunasamtök fyrir lagalegum úrbótum og sýnileika. Þar að auki reukum við þjónustumiðstöð og bókasafn á Laugavegi 3.

Hefur staða samkynhneigðra batnað undanfarin? Staðan hefur gjörbreyst undanfarin ár, viðhorf almennings og öll löggjöf og slíkt. Við lifum samt ekki í fullkomnum heimi. **Hvað er á döfinni hjá samtökunum?** Halda áfram á sömu braut. Við vonum að við fáum að sjá lagafrumvarp á næsta þingi þar sem sambúðarmálin verða jöfnuð. Eins vantar mikið upp á fræðslumál í skólakerfinu og atvinnulífinu.



BORGIR Rannsókn- og nýsköpunarhús Háskólans á Akureyri var tekið í notkun í október í fyrra.

Í velgengninni liggur vandinn

Nemendum Háskólans á Akureyri hefur fjölgað ört en fjárveitingar til skólans ekki vaxið að sama skapi. Uppsafnaður fjárhagsvandi skólans er 235 milljónir króna og hafa menntamálaráðuneytið og skólayfirvöld sæst á að leysa fjárhagsvandann með auknum fjárveitingum og sparnaði í rekstri skólans.

Háskólinn á Akureyri var settur í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn í Akureyrarkirkju laugardaginn



FRÉTTASKÝRING
HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON
BLAÐAMAÐUR

5. september 1987. Kennsla hófst á mánudeginum en nemendur voru 47 talsins, í tveimur deildum; 13 í hjúkrunarfræðum og 34 í iðnrekstrarfræðum. Starfsmenn skólans voru fjórir. Í fyrra lögðu tæplega 1600 nemendur stund á nám við skólann, í sex deildum, og starfslíð skólans taldi um 200 manns.

Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri, segir að skólinn hafi verið rekinn án

halla allt frá stofnun til ársins 2002. Árið 2002 var reksturinn neikvæður um 36 milljónir króna og um 100 milljónir króna árið 2003 og í fyrra. Um síðustu áramót nam uppsafnaður rekstrarhalli skólans 235 milljónum króna eða ríflega 30 prósentum af framlögum ríkisins til skólans samkvæmt fjárlögum ársins í ár.

Vatnaskil

Vöxtur Háskólans á Akureyri, hvað varðar fjölda nemenda, hefur verið hraður allt frá því hann hóf göngu sína en árið 2001 jókst nemendafjöldinn verulega eða um 37 prósent frá árinu á undan; nemendum fjölgaði úr 677 árið 2000 í 924 árið 2001. Árið 2002 fjölgaði nemendum um 148 og árið 2003 var aftur mikil fjölgun en það ár nam aukningin 35 prósentum; nemendum fjölgaði úr 1072 í 1438. Í fyrra var nemendafjöldinn kominn í 1586.

Aukin aðsókn að skólanum og vaxandi velgengni á síðustu árum hefur um leið verið vandi hans því undanfarin ár hafa fjárveitingar ekki verið í sam-

ræmi við nemendafjöldann. Þorsteinn Gunnarsson, rektor háskólans, segir að hækking fjárveitinga hafi undanfarin ár komið ári of seint, miðað við vaxandi nemendafjölda, og það sé rót vandans.

„Þrátt fyrir að við gerðum okkur grein fyrir því að halli yrði á rekstri skólans frá og með árinu 2002, gripum við ekki til verulegra fjöldatakmörkana til að hemja útgjöld skólans. Ástæðan var sú að samkvæmt kennslusamningi við menntamálaráðuneytið frá árinu 2001 var eitt af höfuðmarkmiðum skólans að fjölga nemendum. Þetta tvennt stangaðist því á; annars vegar að halda rekstri skólans innan fjárveitinga og hins vegar að fjölga nemendum verulega. Aukning í nemendafjölda fór hins vegar fram úr því sem við og ráðuneytið gerðum ráð fyrir og afleiðingin varð rekstrarhalli,“ segir Þorsteinn.

Mennta- eða byggðamál

Niðurstöður könnunar sem Ingi Rúnar Eðvarðsson vann fyrir Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri árið 2000 benda til að



REKTOR Þorsteinn Gunnarsson segir að samkvæmt drögum að samkomulagi á milli skólans og menntamálaráðuneytisins um lausn á fjárhagsvanda skólans muni nemendum fjölga hægar en undanfarin ár.



ÚTSALA ÚTSALA

50 – 80 % afsláttur
Meiri verðlækkun

Dæmi um verð:	Áður	Núna
Hettupeysa	6.500.-	2.900.-
Jakkapeysa	6.100.-	2.900.-
Peysu sett	8.600.-	3.900.-
Peysa m/v-háls	6.900.-	2.900.-
Vafinn toppur	2.500.-	1.200.-
Siffonbolur m/perlum	6.600.-	2.200.-
Röndóttur bolur	3.300.-	2.000.-
Stutterma skyrtu	3.300.-	1.500.-
Síð skyrtu	6.200.-	2.900.-
Teinóttur jakki	6.200.-	1.900.-
Kjöll m/blúndu	7.100.-	2.900.-
Pils	3.500.-	1.500.-
Dömubuxur	5.200.-	2.900.-
Gallabuxur	6.000.-	2.900.-
Kvartbuxur	5.700.-	1.900.-

Úrval af fatnaði á kr. 500 og 999.-
Og margt margt fleira

Opið 10:00 – 18:00

www.friendtex.is



Síðumúla 13, 108 Rkv.

Sími 568-2870

FBL-GREINING: SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Reynt að tryggja sjálfstæði gagnvart ráðherra.



Hinn fyrsta júlí urðu miklar breytingar á samkeppniseftirliti þegar ný lög tóku gildi. Samkeppnisstofnun var lögð niður og Samkeppniseftirlitið tók við flestum hennar verkefnum.

Hvernig er nýja skipulagið?

Yfir Samkeppniseftirlitinu starfar forstjóri sem skal sjá um daglegan

rekstur og stjórnun stofnunarinnar ásamt því að ráða starfsmenn hennar. Forstjórinn ber síðan ábyrgð gagnvart þriggja manna yfirstjórn sem er skipuð af ráðherra. Fyrir gildistöku laganna sáu Samkeppnisstofnun, samkeppnisráð og áfrýjunarnefnd samkeppnismála um daglega stjórnsýslu á því sviði. Nú tekur Samkeppniseftirlitið við verkefnum Samkeppnisstofnunar og flestum verkefnum samkeppnisráðs auk þess sem yfirstjórnin tekur yfir verkefni samkeppnisráðs að einhverju leyti.

Hvers konar breytingar verða á samkeppniseftirliti?

Breytingarnar eru tvíþættar. Í fyrsta lagi felast þær í annars konar skipulagi og stjórnsýslu samkeppnisyfirlvalda sem miðar að því að einfalda eftirlitið. Skipulagið sem

fyrir er þótti óþarflega flókið þar sem of margar stofnanir sáú um daglega stjórnsýslu. Í öðru lagi eru ákveðin verkefni sem færast frá stofnuninni. Þannig á að koma til móts við þá staðreynd að Samkeppnisstofnun réði engan veginn við öll verkefni sem henni var falið að leysa samkvæmt lögum.

Af hverju er sérstök stjórn yfir Samkeppniseftirlitinu?

Hlutverk stjórnarinnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi, auk þess sem allar meiriháttar ákvarðanir skal bera undir hana til samþykktar eða synjunar. Stjórnin skal einnig skipa forstjóra Samkeppniseftirlitsins en sú tilhögun er höfð til þess að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar gagnvart viðskiptaráðherra.



KEISARINN ER NAKINN Í tilefni af 200 ára ártíð Hans Christians Andersen tóku listamenn frá 15 löndum þátt í sandkastalakeppni í Kaupmannahöfn í gær. Allir byggðu þeir á sögum Andersens. Lítil drengur gengur hér fram hjá Nýju fötum keisarans eftir Ítalann Gianni Schiumarini.

70 til 80 prósent nemenda Háskólans á Akureyri muni setjast að á Akureyri eða úti á landi að loknu námi.

Samkvæmt sömu könnun mun svipað hlutfall brautskráðra nemenda Háskóla Íslands setjast að á höfuðborgarsvæðinu. „Ein af niðurstöðum könnunarinnar var að staðsetning háskóla er lykilatriði hvað varðar framtíðarúsetu nemenda og erlendar rannsóknir staðfesta það,“ segir Ingi Rúnar.

Á meðal markmiða byggðáætlunar ríkisstjórnarinnar fyrir árin 2002 til 2005 er að efla Akureyri sem skólabæ og byggðakjarna fyrir Norður- og Austurland, til mótvægis við höfuðborgarsvæðið.

Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, ber sem iðnaðaráðherra ábyrgð á framkvæmd byggðáætlunar. „Háskólinn á Akureyri hefur fram til þessa notið sérstöðu



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Menntamálaráðuneytið leggur Háskólanum á Akureyri til auknar fjárveitingar vegna fjárhagsvanda skólans.

innan menntakerfisins og mun áreiðanlega gera það áfram. Rannsóknarhúsið á Akureyri er eina þekkingarsetrið á landinu sem stendur undir nafni,“ segir Valgerður.

Fjárhagsvandinn leystur

Menntamálaráðuneytið og Háskólinn á Akureyri hafa gert drög að samkomulagi sem leysir fjárhagsvanda háskólans. Samkvæmt samkomulaginu fær háskólinn söluandvirði eignarhluta ríkis í Glerárgötu 36 á Akureyri, um 100 milljónir króna, og verður fjárhæðin nýtt til að greiða leigu skólans fyrir afnot að Borgum, nýja rannsóknarhúsinu á Akureyri. Ríkið seldi nýverið eignarhlut sinn í Glerárgötu 36 en auðlindaeld Háskólans á Akureyri hafði afnot af húsnæðinu þar til Borgir voru teknar í notkun í fyrra.

Þá mun menntamálaráðuneytið einnig beita sér fyrir því

að skólinn fái aukafjárveitingu á þessu ári, um 40 milljónir króna. Á móti koma ýmsar aðgerðir af háskólans hálfu til að ná tókum á rekstrinum svo sem að innrita ekki nemendur á fyrsta ár í upplýsingatækni-deild.

Það sem eftir stendur af uppsöfnuðum fjárhagsvanda, tæplega 100 milljónir króna, verður greitt með sérstökum fjárveitingum til skólans á næstu árum auk þess sem háskólinn grípur til margvíslegra sparnaðaraðgerða, án þess að dregið verði umtalsvert úr þjónustu skólans.

Í samkomulaginu er kveðið á um að fjárveitingar skólans til næstu fjögurra ára, frá árinu í ár að telja, miðist við sex til átta prósentu fjölgun nemenda. „Það mun hægja á vexti skólans en er þó vel viðunandi,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, rektor Háskólans á Akureyri. ■

www.toyota.is

Þú sparar og umhverfið hagnast



Prius - 63% afsláttur af aðflutningsgjöldum



Okkur er það sérstök ánægja að geta nú boðið umhverfisvæna tvinnbílinn Prius, bíl ársins í Evrópu árið 2005, á mun lægra verði en áður eða aðeins 2.490.000 kr. Prius er einstakur bíll sem tvinnar saman raforku og bensíneldsneyti. Hann gefur frá sér lítinn sem engan útblástur í tafsamri

umferð eða í innanbæjarakstri og umhverfið hagnast. En þú hagnast líka. Fyrir þig er það umtalsverður sparnaður að aka bíl með einstakri eldsneytisnýtingu eða um 4,1 l á hverja 100 km. **Settu í græna girinn! Aktu á Prius!**

Verð: 2.490.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 13.11 13.32 23.51
 AKUREYRI 2.10 13.17 00.20
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 4. júlí,
 185. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	30-31
Árborgir	32
Ás	8-9
Búseti	17
Draumahús	23-26
Eignakaup	26
Eignalistinn	14
Eignam. Suðurnesja	5
Eignastýring	29
Eignaval	40
Fasteignamiðlun FM	27
Fasteignam. Grafarv.	28
FMH fasteignasala	37
Fasteignastofan	35
Fasteignst. Suðurn.	38
Hóll	11 og 21
Hraunhamar	27 og 34
Húsaland	6
Húseign	7
Húsið Smárinn	12
Höfði	40
ÍAV	18-19
Klettur	15
Lyngvík	20
Lundur	10
Neteign	33
Nethús	39
Nýtt fasteignasala	14
Remax	36
Pingholt	6
X-hús	16

SMÁAUGLÝSINGAR
 byrja í dag á bls. 32

Flokkar

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

allt - fasteignir

hús o.fl.

Fýlupúki í sólinni BLS. 2
 Blómfögur tré BLS. 3

fasteignir o.fl.

Norðurmýrin BLS. 22
 Nýuppgerð Pálskirkja BLS. 5

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið er hannað af Kjartani Sveinssyni. Við húsið er fallegur garður sem hefur unnið til verðlauna.

Glæsilegt einbýlishús með verðlaunagarði

Fasteignasalan Neteign hefur til sölu afar glæsilegt einbýlishús við Grundartanga 9 í Mosfellsbæ. Við húsið er fallegur garður og tvöfaldur bílskúr.

Þetta glæsilega einbýlishús er hannað af Kjartani Sveinssyni og byggt árið 1981. Það stendur á fallegum stað í Mosfellsbænum umkringt fallegum gróðri í einkar glæsilegum garði. Eignin er 205 fermetrar, að meðtöldum 48 fermetra bílskúr.

Komið er inn í flísalagða forstofu með skáp. Inn af forstofunni er gengið inn í forstofuherbergi með parketti á gólfi. Þegar komið er inn í húsið tekur við hol og sjónvarpshol. Stofan skiptist í setustofu og borðstofu og í setustofunni er fallegur arinn. Innangengt er í eldhúsið bæði úr holinu og borðstofunni. Eldhúsið er búið góðum tækjum og fallegri innréttingu, á gólfinu eru parkett og flísar. Inn af eldhúsinu er

gengið inn í þvottahúsið, sem er með salernisaðstöðu. Hægt er að ganga beint út í garðinn úr þvottahúsinu.

Fyrir innan sjónvarpsholið eru þrjú svefnherbergi. Hjónaherbergið er afar rúmgott og þar eru góðir skápar. Á stofu, borðstofu, sjónvarpsholi og öllum svefnherbergjum er gegnheilt eikarparkett.

Baðherbergið er flísalagt í hólf og gólf. Þar er falleg innrétting og mjög stórt sturtuklefi sem hægt er að nýta sem baðkar.

Úr sjónvarpsholinu er gengið út í garðinn og þar er rúmgóð verönd með heitum potti

Við húsið er stór tvöfaldur bílskúr með sjálfvirkum hurðaropnara. Geymslu loft er fyrir ofan bílskúrinn og þar er gott geymslupláss.

Húsið er í toppstandi og er gler og annað í góðu ástandi. Glerið er litað og setur skemmtilegan svip á húsið.

Ásett verð er 48 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU

í fasteignum

Pingahverfi við suðvesturenda Elliðavatns er næsta bygginga- svæði Kópavogs. Lóðaúthlutun stendur yfir og fyrir klukkan 15 í dag þurfa umsóknir að hafa borist bænum. Eyðublöð og upplýsingar liggja fyrir hjá bæjar- skipulagi Kópavogs og á heimsíðu- unni www.kopavogur.is



Annað af tveimur íþróttahúsum **Vals á Hlíðarenda** var rífið til að rýma fyrir nýju húsi og stærri tengibyggingu. Nýrra húsið var rífið en hið

Straumur, lista- og menningarmiðstöð í Straumsvík í Hafnarfirði er til leigu til næstu fimm ára. Sömluendi íbúðarhús og lista- smíðjur á sama stað. Þau skil- yrði eru sett fyrir leigunni að starfsemi í húsunum tengist menningar-, ferða- og umhverf-

eldra er fríðað. Fyrirtækið Mark- ús sér um framkvæmdir á svæðinu og áformað er að taka nýja íþróttahúsið í gagnið haustið 2006 en tengibygging- una 2007. Nýr keppnisvöllur er líka á teikniborðinu.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



Landsbankinn
 Banki allra landsmanna

Málning

Erfitt getur verið að raða myndum og skrauti á langa og stóra veggi án þess að það verði eins og krækiber á veggnum. Þá getur verið sniðugt að mála fleti í mismunandi litum á vegginn og skipta þannig upp rýminu.




GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236

BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

GÍTARINN ehf.
Láttuna 27 • 110 Reykjavík • Sími 552-2125 • gitarinn@glitarinn.is • www.gitarinn.is

MAPEX Trommusett
Hi-hat & crash diskar, stóll, trommukjalar

Reti verð: ~~kr. 79.900~~
Tilboðsverð: ~~kr. 59.900~~

Ofurtilboð: **kr. 49.900**
Aðeins í nokkra daga!

ENCORE Klassiskur Gítar
Fúsi, Stíflaust, Övergasett
kr. 10.900

Opð: Mán.-Fös. 10:30-18 / Lau. M. 11-18

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



Hjónin Helga og Erlingur hafa skapað skemmtilegan ævintýraheim í garðinum.

Fýlupúkinn settur út í sólina

Í garði einum í Kópavoginum er heilt samfélag af skemmtilegum tréfigúrum og kirkja í miðju þess.

Ef ekið er niður Vogatunguna í Kópavoginum mætir manni óvenjulegur garður. Þar er enginn heitur pottur og pallur hvergi sjáanlegur. Aftur á móti er grasflötin full af tréfigúrum og lítilli kirkju sem er upplýst þegar rökkva tekur.

Eigendur garðsins eru hjónin Helga Ísleifsdóttir og Erlingur Ólafsson, sem jafnframt smíða og hanna allt í garðinum sjálf.

„Maðurinn minn sagar þetta allt niður fyrir mig og ég mála þetta,“ segir Helga, sem hefur mikla ánægju af verkinu. „Mikil hreyfing er á hlutunum í garðinum þar sem við erum sífellt að bæta við og taka annað út,“ segir Helga. Fígúrnar sem eru í garðinum núna unnu þau hjón allar í fyrri. „Þarna völdum við að hafa fólk sem er að slá og raka, en maðurinn minn er fæddur og uppalinn í sveit,“ segir Helga. Ævintýrið byrjaði þegar þau



Myndarlegur burstabær sem Erlingur smíðaði og Helga málaði.

hjón fluttu í Kópavoginn fyrir sextán árum, en áður bjuggu þau á Hvolsvelli. „Garðurinn var í mikilli órækt þegar við tókum við honum og höfum við verið að betrumbæta hann síðan. Okkur langaði að gera eitthvað sniðugt og byrjuðum fyrst á bæ og kirkju,“ segir Helga. „Nú er bóndabær í smíðum, en við höfum selt alla þá sem hafa verið þar

fyrir,“ segir Helga. Hún segir gesti og gangandi sýna garðinum mikinn áhuga og hópur leikskólubarna koma á hverju ári að skoða hann. „Mesta furða er bara hvað þetta er látið í friði,“ segir Helga. Hún segist enga figúru vera í sérstöku upphaldi nema kannski fýlupúkann. „Þegar ekki rignir fer fýlupúkinn út líka, en hann má ekki blotna,“ segir Helga. ■

Golfáhugamenn athugið

Nú er rétti tímin til að setja niður púttolu í garðinn
Upplagt í sumarbústaðinn eða garðinn heima

Tilboð 1
1 stk stöng með áföstu númeri og bolla kr 4.900



Tilboð 2
1 stk stöng með flaggi og bolla kr 7.900
Leigjum út holuskera



Brotnir blómapottar fá uppreisn æru

Það þarf ekki að henda brotnum blómapottum. Pottar sem hafa brotnað og verið límdir saman geta verið mikil garða þrýði.

Á sumrin þykir okkur gaman að planta sumarblómum í fallega blómapotta úr leir. Slíkir blómapottar eiga það til að verða fórnarlömb íslenskrar veðráttu. Ef sprungur eru komnar í leirinn en potturinn er ekki brotinn má vefja ryðfríum vír utan um hann svo hann hangi saman. Þetta getur meira að segja verið dálítið flott. Sérstaklega ef maður er hrifinn af hlutum sem líta út fyrir að vera gamlir og vel notaðir.



Blómapottur sem hefur brotnað og verið límdir saman getur verið skemmtilegt skraut í garðinn.

Sé potturinn brotinn má líma hann saman og gefa honum nýtt

líf. Þá er best að byrja á að þurrka alla mold af brotnum og tryggja að brúnirnar séu hrein- ar og þurrar. Notið vatnshelt lím og fylgið leiðbeiningunum á umbúðunum. Athugið að límið verður að henta fyrir leir. Berið lím á brúnirnar og þrýstið brotnum vel saman. Vefjið svo garni utan um pottinn til að halda honum saman meðan límið er að þorna. Best er að láta tuskur eða dagblöð milli blómapottsins og garnsins til að jafna þrýstinginn. Leyfið líminu síðan að þorna vel áður en mold og blóm eru sett í pottinn. ■



Blómstrandi skrauteplatré er gott myndefni.

Fegursta garðmyndin

GARÐYRKJUFÉLAG ÍSLANDS
HVETUR FÓLK TIL AÐ BEINA
MYNDAVÉLUM AÐ GRÓÐRI OG
GARÐAMENNINGU.

Þema ljósmyndakeppni Garðyrkjufélagsins er „gróður til gagns og gleði“ og félagið efnir til hennar í tilefni af 120 ára afmæli sínu í ár. Keppnin hófst nú um mánaðamótin og stendur til 15. september. Þátttaka er öllum opin og veittar verða þrjár viðurkenningar fyrir bestu myndirnar að mati dómnefndar sem skipuð er tveimur fulltrúum félagsins og einum atvinnuljósmyndara. Á heimasíðu félagsins www.gardurinn.is er að finna upplýsingar um keppnina og ljósmyndir sem berast verða birtar þar reglulega.



Gullregnið lýsir upp garðinn.

Setja bjartan svip á garðinn

Blómstrandir tré og runnar eru mikil garðaprýði á þessum árstíma og gleðja augu eigenda og annarra vegfarenda.

Tré og runnar svo sem gullregn og sýrenur setja bjartan og tígulegan svip á gróna garða. Í stóru garðabókinni eru þau nefnd stásstré og bera nafnið með sóma. Fá garðtré eru jafn glæsileg í blóma og gullregnið. Það er af ertubaunaætt og því skylt plöntum eins og lúpínu. Fjallagullregn hefur verið ræktað um áratugaskeið hér á landi og reynst harðgert og blómviljigt. Það getur orðið allt að 10 m hátt hérlandis og krónan umfangsmikil.

Gullregn vill fremur sendinn jarðveg og er nauðsynlegt að gróður-setja það á sólríkum stað í garðinum til að það blómstri mikið og vel. En þess ber að geta að ber gullregnsins eru baneitruð.

eða maður vanur bílaréttingum óskast sem fyrst. Einnig bifvélavirkja eða mann vanan bílavöðgerðum. Uppl. í s. 561 1190 & 899 2190.

Óska eftir vönum mönnum í málingar og sparflögu mikil vinna í boði upplýsingar gefur Ásgeir í s.6963478

Óska eftir verkföllum í flisalagnir upplýsingar gefur Ásgeir í s.6963478

Leitum eftir röskum bílstjóra til útkeyrslu fyrir þvottahúsið okkar. Þarf að vera áreiðanlegur, stundvís og geta unnið sjálfstætt. Uppl. í s. 581 4000 og www.solarservice.org

Óska eftir smiðum. Upplýsingar í síma 896 3068.

Smurbrauð-afgreiðsla

Óskum eftir að ráða starfskrafta í smurbrauðseldhús okkar, einnig fólk í afgreiðslu í NK kaffi Kringlunni. Þarf að byrja ca 10. ágúst. Ekki yngri en 18 ára. Uppl. á staðnum og í s. 693 9091.

Helgarvinna

Vantar gott fólk í helgarvinnu. Uppl. í NK kaffi Kringlunni og í s. 568 9040.

Óska eftir vönum manni við múrverk og flötuvinnu. Laun eftir samkomulagi. Næg verkefni framundan. Uppl. í s. 695 3039.

Pítan Skipholti 50c.

Óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Bæði í eldhúsi og sal. Góð laun í boði. Framtíðarstarf. Umsóknareyðublöð á staðnum eða á pítan.is.

Atvinna óskast

Langar að afgreiða í bókabúð. Er reyklaus og stundvís, 28 ára kona. S. 849 3013.

Reynd barnarþjá óskar eftir vinnu (6 má. - 2 ára) S. 661 8184 & 564 4342.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

2-3 herb. íbúð á 101 til leigu frá 20 júlí til 20 maí. 65 þús. fyrir einst. eða þar með góð meðmæli. S. 551 6707.

Einkamál

TANTRA
ERÓTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA OPID MAN - FOS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00 KOMID | VERSLUN OKKAR AD FAKAFENI 1 EDA SKOEBI HEIMASIDU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

Okkur vantar fleira gott fólk!

Skúlasón leitast að framtíðarfólki í þjónustuver.

Framundan er mikil vinna og okkur vantar starfsfólk í þjónustuverið okkar til að tala í síma.

- söluverkefni
- símsvörun
- gagnavinnsla

Leitum sérstaklega að fólki sem er að leita að framtíðarstarfi, hefur áhuga á að starfa í fjölbreyttu umhverfi og er metnaðarfullt.

Hæfniskröfur:

- reynsla af sölumennsku og þjónustustörfum
- eldri en 20 ára
- góð enskukunnátta (ekki skilyrði)
- lágmarks tölvukunnátta

Hringdu í okkur í síma 575 1500 og leggðu inn umsókn eða sendu hana á netfangið skulason@skulason.is



Skúlasón er þjónustuver.

Fyrirtæki og stofnanir láta okkur sjá um símsvörun og úthringingar til að hagræða og auka þjónustu.



Sími 575 1500 - www.skulason.is



Þórhallur miðill



Lífsaugað
Þriðjudagskvöld 22-24



ÁRBÆJARLAUG

Árbæjarlaug var vígð 30. apríl 1994. Hún var hönnuð af arkitektum Úti og inni sf. Undirbúningur byggingar Árbæjarlaugar hófst árið 1990 og framkvæmdir ári seinna. Þegar byrjað var að grafa fyrir lauginni kom í ljós sprunga og mistingi í grunni laugarinnar sem varð til þess að hún var færð um 40 metra í norðvestur í áttina að Fylkisvellingum. Stærð byggingar er 1.200 fm, lóðarstærð er 17.080 fermetrar og bílastæði 200 talsins. Í lauginni er innilaug, útilaug, vaðlaug, vatnsrennibraut, þrjú heitir pottar, sánaböð og eimböð. Heildarstærð vatnsflatar er 670 fm og rennibraut er 5 metra há með 33,5 metra rennilengd. Laugar og pottar eru öll samtengdar fyrir utan heitasta pottinn. Um 450 þúsund gestir heimsækja laugina árlega. Forstöðumaður Árbæjarlaugar er Jens Ágúst Jónsson.



DRAUMAHÚSIÐ MITT HELGI ÞÓR

Lítið og nýtskulegt hús við hafið


„Mig dremmir um lítið og fallett hús við sjóinn í Ástralíu,“ segir Helgi Þór Arason, Idol-stjarna og sjónvarpsmaður. Faðir Helga býr í Ástralíu og Helgi segist vel geta hugsað sér að búa þar. „Ég hef verið mikið í Ástralíu með pabba og líkar ofboðslega vel þar. Ég myndi helst vilja búa í Sydney og draumahúsið ætti að vera þar,“ segir Helgi og viðurkennir að hann sé algjört borgar barn. „Ég vil hafa stutt í alla þjónustu og vil því búa á einhverjum góðum stað í Sydney. Ég þarf samt að hafa smá pláss í kringum mig og vil ekki vera alveg ofan í öðrum,“ segir Helgi. Hann sér þó ekki fram á að geta keypt draumahúsið í Ástralíu á næstunni. „Húsnæðisverð þarna er ofboðslega hátt þannig að ég hugsa að ég biði í nokkur ár. Ég held líka að það

sé ansi erfitt að næla í svona hús sem stendur við sjóinn.“ Helgi hefur svo sem enga fyrirmynd að húsinu en segist sjá það alveg fyrir sér. „Þetta er svona nýtskulegt hús með stórum gluggum sem snúa út að sjónum. Það ætti helst að vera á einni hæð og alls ekki of stórt. Það verður til dæmis að vera auðvelt að þrifa það. Svo vil ég líka tvímælalaust hafa garð við húsið og helst heitan pott. Já, og tvöfaldan bílskúr, fyrir bílana mína tvo sem ég kem til með að eignast,“ segir Helgi og hlær.

Helgi Þór lætur sig dreyma um fallett hús í Ástralíu.



SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



Frá Taívan að fjalla um húsnæðismál

Fjöldmenni var á fjölþjóðlegri húsnæðisráðstefnu í Öskju.

Tvö hundruð og sextíu manns mættu á fjölþjóðlega húsnæðis- og borgarmálaráðstefnu sem haldin var í náttúrufræðahúsinu Öskju nýlega. Gestir komu hvaðanæva að úr heiminum, langflestir frá Norðurlöndunum og öðrum Evrópulöndum en líka frá Bandaríkjunum, Ástralíu og Taívan. Einungis á annan tug Íslendinga sátu ráðstefnuna. Nokkrir fyrirlesara voru þó íslenskir, til dæmis Edda Rós Karlsdóttir, yfirmaður greiningardeildar Landsbankans, Jóhann G. Jóhannsson, yfirmaður áhættu- og fjárstýringar Íbúðalánasjóðs, og Margrét Hauksdóttir, aðstoðarforstjóri Fasteignamats ríkisins. ■

SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis

Skiptir útsýni máli við val á fasteign?

SPURNING SIÐUSTU VIKU: Ætlar þú að smíða pall í sumar?

Já 25%
Nei 75%

Ný verslun í Grafarholti

Opið alla daga til 19

Opnunartími

OPIÐ VIRKA DAGA	LAUGARDAGA
8-19	9 - 19
	SUNNUDAGA
	10 - 19

Verið velkomin

Ein glæsilegasta timbursala landsins er í verslun okkar í Grafarholti. Þar er opið alla daga vikunnar til 19.

Komdu til okkar, keyrðu bílinn inn og fáðu timbur í snyrtilegu og þægilegu umhverfi.

blómaval
heillandi heimur



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Klúður við einkavæðingu bankanna

UMRÆÐAN
SALA RÍKISBANK-
ANNA



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON
VIDSKIPTAFRÆÐINGUR

Umræður að undanfögnu hafa leitt í ljós, að margvíslegt klúður átti sér stað við einkavæðingu bankanna. Upphaflega var gert ráð fyrir því, að um dreifða eignaraðild yrði að ræða við sölu bankanna til einkaaðila. Kaupendur áttu að vera margir smáir aðilar en enginn stór fjárfestir. Þegar í ljós kom, að

einkavinir ráðherranna vildu eignast stóra hluti í bönkunum var fallið frá stefnunni um dreifða eignaraðild og ákveðið að selja einum aðila ráðandi hlut í Landsbankanum og fara eins að við sölu Búnaðarbankans. Hringlað var svo mikið með „reglurnar“ um einkavæðingu bankanna, að einn helsti ráðgjafi ríkisstjórnarinnar við sölu bankanna sagði af sér í mótmælaskyni. Helmingaskiptareglu stjórnarflokkanna var fylgt við sölu bankanna: Íhaldsvinir (Samson) fengu Landsbankann. Framsóknarvinir (S-hópurinn) fengu Búnaðarbankann. Svo langt var gengið í að sinna vinunum við sölu Landsbankans, að gengið var fram hjá þeim sem buðu hæst í bankann.

Nú er vitað að Halldór Ásgrímsson, formaður Framsóknar átti hlutabréf í fyrirtæki, sem var óbeinn eignaraðili að S-hópnum. Því var spurt hvort hann hefði verið vanhæfur til þess að taka ákvörðun um sölu Búnaðarbankans. Í athugasemdum með stjórnarsýslulögum segir að opinber starfsmaður sé vanhæfur við ákvarðanatöku hafi hann af úrlausn máls einstaka hagsmuni svo sem ágóða eða tap. Þetta ákvæði virðist skýrt. Það var alveg út í hött að ríkisendurskoðandi fjallaði um hvort Halldór hafi verið vanhæfur því skoðun ríkisendurskoðanda á því máli skiptir nákvæmlega engu máli, eins og hann sjálfur benti á.

Ríkisendurskoðandi sagði, að hagsmunir Halldórs hefðu verið „óverulegir“ við sölu Búnaðarbankans og því hafi hann ekki verið vanhæfur. Halldór átti 1,33% í Skinney Þinganesi og fjölskylda hans átti samanlagt þriðjung í félaginu. Skinney Þinganes átti helmingshlut í Hesteyri en það félag var einn stærsti hluthafinn í Keri, sem var aðili að S-hópnum. Með þessar upplýsingar á borðinu getur hver og einn svarað þeirri spurningu fyrir sig hvort formaður Framsóknarflokksins hafi átt hagsmuna að gæta við sölu Búnaðarbankans og hver og einn getur metið hvort þessir hagsmunir hafi verið miklir eða litlir. Kjarni málsins er þessi: Úr því að formaður

Framsóknarflokksins átti óbeina aðild að S-hópnum, átti hann að víkja sæti og ekki taka þátt í afgreiðslu málsins á neinu stigi þess. Hann átti einnig að láta vita af því að hann ætti hlutabréf í Skinney Þinganesi, þegar að því kom að taka ákvörðun um sölu bankans. Það gerði hann ekki.

Stjórnarandstaðan hefur nú falið tveimur lögfræðingum, að athuga hvort Halldór hafi verið vanhæfur við afgreiðslu Búnaðarbankamálsins. Það er eðlileg ráðstöfun. Það er fremur í verkahring lögfræðinga en ríkisendurskoðanda að kanna þetta atriði. En að vísu er hér ekki aðeins um lögfræðilegt atriði að ræða heldur einnig siðferðilegt.



AF NETINU

Fleira en það sem skemmtilegt þykir

Fjölmíðlar mega hins vegar ekki gleyma sér í stóru málinum. Huga þarf að megin undirstöðu samfélagsins – nefnilega vinnunni. Hálfnað verk þá hafið er, segir máltaekið. Maður skilur ekki þessa endalaus áráttu að fjalla um ferðalög og skemmtanir. Þessi stundargleði skilar litlu þegar uppi er staðið nema háum vísareikningi og slæmum höfuðverk. Hlutverk fjölmíðla er þess vegna að hvetja landsmenn áfram til vinnu og uppbyggingar í samfélaginu. Sveifla haka og rækta nýjan plóg.

Eggert Þór Aðalsteinsson – deiglan.com

Bara klink

Tvær til þrjár milljónir af veltu Flugleiða-hótelanna eru varla stór biti, eiginlega bara klink og líklega óttaleg skiptimynt í bókhaldinu þar á bæ. Ekki hafa ráðstefnugestirnir heldur verið svo efnalítir að þeir hafi orðið fyrir eignasþjöllum sem teljist stórfelld þótt það kærum blettir í einn fundagallann úr skápnun.

Steinþór Heiðarsson – murinn.is

Ásta, dóttir Bjarts

Danskir rannsóknarblaðamenn frá Politiken sviptu um helgina hulunni af Ástu S. Guðbjartsdóttur, starfsmanni Bjarts til margra ára. Þeir gerðu sér ferð til Íslands fyrr í mánuðinum til að kortleggja duldarfullu íslensku fyrirtækin sem eru að leggja danskt viðskiptalíf undir sig og tókst með einhverjum óskiljanlegum hætti að fá forleggjara Bjarts og Hr. Ferdinands til að viðurkenna að Ásta er sambland af skáldskap og ljósmynd af síðu austur-evrópskrar hjónabandsmiðlunar.

ritstjórn – bjartur.is

Hver á þá að kaupa afrískt kaffi?

Poppstjórnur sem vita ekki aura sinna tal syngja nú fyrir vel múraða millistétt gegn fátækt í heiminum. Hver veit nema að það sé þversögn í þessu. Má maður ekki segja þetta? Ég er ekki að fordæma neitt, en væri ekki nær að stilla poppurum upp við vegg og miða á þá hriðskotabyssu? Kannski ekki. En ef við, við, helvítis skitapakki sem við erum, tímdu að gefa peninga í stað þess að splæsa á okkur fínun kaffivélum þá væri málið leyst fyrir löngu. Megum við öll brenna í víti.

Hreinn Hjartahlýr – rafauga.typepad.com

Hvað eru þá mannréttindi?

Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar lét einu sinni hafa það eftir sér að það væru „sjálfsgöð mannréttindi að fá að horfa á enska boltann“. Ummæli líkt og þessi eiga sinn þátt í þeirri útvötnun sem hugtakið mannréttindi hefur nú orðið fyrir hin síðari ár.

Atli Þór Fanndal – fanndal.hexia.net

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

TÖLVULISTINN

Sarotech

AivX 3.5" spilarari

Carpac
fyrir Sarotech AivX 3,5", IR tengi, ferða-fjarstýring og 12 volta straumsnúra
4.990

BEINT Í SJÓNVARP		H Ý S I N G	
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu		Virkar einnig sem venjulegur harðdiskflakkarari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar	
BEINT Í GRÆJUR		ÖRUGG VINNSLA	
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr AivX spilaranum án tölvu eða sjónvarps		Sarotech AivX spilarinn er í hæsta gæðaflokki og virkar án vandræða með öllum venjulegum 3.5" IDE harðdiskum	
EKKERT MÁL		FYLGIR HLUTIR	
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG		Allir kaplar, fyrirferðalítill taska og fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum	

ÁN HD	200GB	320GB
14.900	24.900	34.900

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK Nóatúni 17 Sími 562 6730	AKUREYRI Glerárgötu 36 Sími 464 7400	KEFLAVÍK Hafnargötu 90 Sími 534 7400
---	---	---

Öll verð eru staðgreiðsluverð með virðisaukaskatti og birt með fyrirvara um innsláttarvillur og breytingar • Visa og Euro raðgreiðslur til allra að 36 mánaða

MARIE CURIE (1867-1934)
lést þennan dag.



„Maður tekur aldrei eftir því hvað er búið að gera; bara hvað á eftir að gera.“

Marie Curie var pólsk vísindakona. Hún var leiðandi í rannsóknunum á geislavirki og hlaut tvö Nóbelsverðlaun.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Jefferson og Adams deyja samtímis

Þennan dag árið 1826, á þjóðhátíðardegi Bandaríkjanna bar að dauði tveggja forseta landsins. Þeir John Adams annar forseti Bandaríkjanna og Thomas Jefferson þriðji forsetinn báru beinin þegar fimmtíu ár voru liðin frá því að sjálfstæðisfyrirlysing Bandaríkjanna tók gildi en þeir voru tveir af höfundum hennar. Þeir höfðu hvor um sig mikil áhrif á þróun og sögu Bandaríkjanna en Thomas Jefferson var aðalhöfundur sjálfstæðisfyrirlysingarinnar sem var skrifuð

árið 1776. Adams sigraði Jefferson í kosningum árið 1796 en Jefferson varð samt sem áður varforseti hans. Jefferson og Adams skrifuðu töluvert á og ræddu pólitik en lítið er á bréfin sem meistaraverk upplýsingarinnar. Samtíma dauði þeirra vinnur þó ótrúleg tilviljun sérstaklega þar sem hann bar upp á þjóðhátíðardegin. Síðustu orð John Adams voru: „Thomas Jefferson lifir enn,“ þrátt fyrir að þessi gamli vinur hans hefði látist nokkrum klukkutímum fyrir.



4. JÚLÍ 1826 Jefferson og Adams léstust á 50 ára afmæli sjálfstæðisfyrirlysingar Bandaríkjanna.

MERKISATBURÐIR

- 1685 Halldór Finnþogason er brenndur á báli á Þingvöllum fyrir að snúa Faðirvorinu upp á andskotann. Þetta var síðasta galdrabrennan hér á landi.
- 1776 Bandaríkin lýsa yfir sjálfstæði sínu frá Bretum.
- 1966 Ráðist er á Bítlanu á Filippseyjum eftir að þeir móðguðu Imeldu Marcos.
- 1968 Bretinn Alec Rose snýr aftur í heimahöfn eftir að hafa siglt skútu einsamall í kringum heiminn á 354 dögum.
- 1996 Hotmail, ókeypis tölvupóstþjónusta, hefur göngu sína.
- 1997 Ómannaða bandaríska geimfarið Pathfinder lendir á Mars eftir sjö mánaða ferðalag.



Áskær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Halldór Sturla Friðriksson

Stórkaupmaður, Haðaland 20,

sem lést á heimili sínu föstudaginn 24. júní verður jarðsönginn frá Bústaðarkirkju þriðjudaginn 5. júlí kl. 13.00.

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellow.

Erna Sveinbjörnsdóttir

Friðrik S. Halldórsson Bergljót Friðriksdóttir

Elinborg Hallórsdóttir

Sveinbjörn Halldórsson Ingibjörg Erna Sigurðardóttir

Margrét Halldórsdóttir Jóhann V. Steimann

Erna Gunnþórsdóttir

og barnabörn



Áskær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma og langamma,

Rakel Sæmundsdóttir

hárgreiðslumeistari, Stangarholti 28, Reykjavík,

sem lést á heimili sínu að morgni 24. júní sl., verður jarðsöngin frá Háteigskirkju miðvikudaginn 6. júlí kl. 13.00.

Óskar Hallgrímsson

Jóhann Gunnar Óskarsson

Kristín Ósk Óskarsdóttir

Óskar Sveinsson

Sigríður Ásmundsdóttir

Sævar Fr. Sveinsson

Rakel Sveinsdóttir

systkyni, ömmu- og langömmubörn.

Fróðleikur af gardur.is



Brautryðjandi meðal karla:

Jón Helgason biskup

Jón Helgason var fæddur í Görðum á Álftanesi 21. júní 1866, sonur Helga prests Hálfðanarsonar, síðar lektors Prestaskólans, og konu hans Þórhildar Tómasdóttur. Stóðu að honum kunnar ættir, m.a. afa hans, Fjölnismannsins fræga, Tómasar Sæmundssonar, prófasts á Breiðabólstað. Jón stundaði nám við Reykjavíkurskóla 1880-86, lauk þá prófi og sigldi samsúms til Kaupmannahafnar, þar sem hann lauk ýmsum háskólaprófum við góðan orðstír á næstu árum, síðast embættisprófi í guðfræði 1892. Hann var við kennslu í Reykjavík 1892-93, starfaði við kirkju í Danmörku 1893, lauk enn tveimur prófum frá prestaskóla í Höfn 1894 og ferðaðist svo um Þýskalands með styrk frá stjórnarráði Dana. Þar kynntist hann þýzku Biblíugagnrýninni og ritum forkólfa frjálslyndu guðfræðinnar. Eftir fráfall föður hans var sótt eftir því við Jón að hann kæmi að Prestaskólanum í Reykjavík sem fastur kennari, og lét hann til leiðast, þótt hann langaði að setjast að í Danmörku og taka þar prestvígslu. Honum var veitt 1. kennaraembættið við Prestaskólann þá um sumarið. Um haustið tókst hann jafnframt á hendur að halda uppi aukagöðsþjónustum við Dómkirkjuna, var vígður til prests í því skyni vorið eftir og hafði þann starfa á hendi í 13 ár.

Meira á gardur.is



Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

GÍSLI TRYGGVASON: SKIPAÐUR Í EMBÆTTI TALSMANNS NEYTENDA

Nýtt spennandi embætti

„Ég mun fyrst og fremst standa vörð um hagsmuni og réttindi neytenda,“ segir Gísli Tryggvason um nýtt embætti sitt sem talsmaður neytenda sem hann tók við 1. júlí. Gísli segir starfið í grófum dráttum tvíþætt. „Þetta er annars vegar að bregðast við þegar brotið er á hagsmunum neytenda og hins vegar að vera gagnvirkur og sýna frumkvæði við að leggja til úrbætur,“ segir Gísli, sem starfaði áður sem framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna. Hann bætir við að embættið sé nýtt hér á landi en hafi tíðkast á Norðurlöndum um nokkurt skeið.

Um tilkomu nýja embættisins telur Gísli að líklega hafi þrýstingur aukist á að eitthvað sérstakt yrði gert fyrir neytendur eftir að frelsi jókst í viðskiptalífnum. Meiri þörf sé því á að gæta hags neytenda sérstaklega.

Gísli segist mjög spenntur fyrir starfinu. „Ég hef lengi haft áhuga á neytendamálum og komið að þeim með ýmsum hætti,“ segir Gísli en hann var alinn upp að hluta í Danmörku þar sem neytendavitund er að hans mati ríkari en hér á landi. Hann vonar að embætti sitt og tilvist nýrrar neytendastofu verði til þess að efla neytendavitund og bæta hag neytenda.

„Ég vona að eftir ákveðinn tíma verði embættið búið að sanna sig og gera sig gildandi og að talsmaður hafi átt þátt í því að byggja upp þekkingargrunn um réttindi neytenda,“ segir Gísli en þannig þekki fólk betur þau réttindi sem tryggð eru í lögum. Einnig vill Gísli að brotum gegn hagsmunum neytenda fylgi viðeigandi viðurlög.

Gísli segist ekki hafa mikinn tíma fyrir áhugamál enda hafi hann verið í annasömu starfi undanfarið. Hann reyni þó að nýta fríundir sínar með fjöl-



TALSMANNAUR NEYTENDA Gísli er spenntur fyrir nýja embættinu enda áhugamaður um neytendamál.

skyldu sinni. Hann hefur töluverðan áhuga á sagnfræði og stjórnmálum sem er það eina sem hann les um fyrir utan starfstengdan lestur. „Það er

lítill tími fyrir fagurbókmenntir,“ segir Gísli sem sér ekki fram á mikið frí á næstunni en telur tímamann framundan mjög spennandi.

ANDLÁT

Einar Torfason, frá Haga Hornafirði, er látinn.

JARÐARFARIR

13.00 Guðrún Ólína Gunnarsdóttir, Dvergabakka 2, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Bústaðarkirkju.

13.00 Margrét Jóhannsdóttir, hjúkrunarheimilinu Söltúni, áður til heimilis á Framnesvegi 23, Reykjavík, verður jarðsöngin frá Frikirkjunni í Reykjavík.

AFMÆLI

Oddgeir Guðjónsson, fyrverandi bóndi og fræðimaður, er 95 ára.

Páll Theódórsson eðlisfræðingur er 77 ára.

Kári Arnórsson, fyrverandi skólustjóri, er 74 ára.

Hrónn I. Hafliða-dóttir söngkona er 63 ára.



Anna Björnsdóttir, leikkona og jóga-kennari, er 51 árs.

Hulda Hákon myndlistarkona er 49 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

Sveinbjörn Beinteinsson skáld og allsherjargoði 1924.

Sigurður Geirdal bæjarstjóri í Kópavogi 1939.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

SJÁÐU STÓRU MYNDINA



**2.7 TOMMU TFT
LITA
SKJÁR**

NJÓTTU STÆRRI „FYRIRMYNDA“. Hin nýja EXILIM Zoom EX-Z57 skartar sérstaklega stórum 2.7 tommu TFT litaskjá.

Hin nýja CASIO EXILIM Zoom EX-Z57 er algerlega ómissandi fyrir þá sem vilja gera stundirnar stóru samstundis ógleymanlegar í hámarks myndgæðum.

**5 MEGAPIXEL
5 MLLJÓNIR DÍLA**



Hinn feikna stóri 2.7" TFT litaskjár er með tveimur stillingum fyrir mismunandi birtustig í umhverfinu. Linsan er með 3x aðdrátt. Örflagan er með 5 Megapixel upplausn.

2.7"
TFT LITASKJÁR
6.9sm

400
MYNDIR
með einni rafhlöuhleðslu

Njóttu stundanna stóru með ótrúlega stórum 2.7" TFT skjá.

Fleiri og þægilegri myndatökur með SUPER LIFE rafhlöðu.



**FLEIRI NÝJAR
VÉLAR FRÁ CASIO**



Casio EXZ750
• 2.5 tommu TFT litaskjár
• 3x aðdráttur á linsu
• 7.2 megapixel

KYNNINGARVERÐ 44.995

Fullt verð kr. 57.995



Casio EXP505
• 2 tommu TFT litaskjár
• 5x aðdráttur á linsu
• 5.0 megapixel

KYNNINGARVERÐ 49.995

Fullt verð kr. 59.995

KYNNINGARVERÐ 34.995

Fullt verð kr. 44.995

CASIO

EXILIM
ZOOM
www.exilim.com



KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ?
Casio vélnarar hljóta frábæra dóma hvert sem litið er!



Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT



Heyrst hefur ...

... að FH-ingar séu í viðræðum við forráðamann Lilleström um að kaupa miðjumanninn Davíð Þór Víðarsson. Sá hefur verið í láni hjá FH frá norska liðinu það sem af er sumri og staðið sig með mikilli þrýði. Vilja FH-ingar með engu móti missa Davíð Þór og ef eina leiðin er að kaupa hann þá er það eitthvað sem stendur ekki í vegi fyrir þeim.

sport

sport@frettabladid.is

ÓSKAR SNÆR VIGNISSON, LEIKMAÐUR HVATAR: SKAUT AFRÍKU Á BÓLAKAF Í 3. DEILDINN

Skoraði átta mörk í einum og sama leiknum

Óskar Snær Vignisson náði þeim frá- bæra árangri að skora átta mörk í einum og sama leiknum með liði sínu Hvöt frá Blönduósi gegn liði Afríku í þriðju deild Íslandsmótsins í knattspyrnu á laugardaginn, en leiknum lauk með 14-1 sigri Hvatar. Fréttablaðið sló á þráðinn til Óskars og spurði hann hvernig hann færi að því að skora svona mörg mörk.

„Þetta var nú fyrsti leikurinn minn sem framherji í sumar, því ég hef aðallega leikið sem vinstri bakvörður í sumar,” sagði Óskar, sem þrátt fyrir að vera í vörninni var búinn að skora tvö mörk í fyrstu fimm leikjunum áður en hann margfaldaði þá tölu svo eftirminnlega á laugardaginn. „Þetta voru flest allt mörk eftir stungusendingar, nema hvað eitt þeirra var skot fyrir utan teig. Ég er nú

frekar lágvaxinn og nettur þannig að ég er nú ekkert að skora mikið með skalla eða þannig,” bætti hann við.

Óskar lék sem framherji í liði sínu í fyrri með einstaklega góðum árangri en á einhvern óskiljanlegan hátt var hann færður aftur í bakvörðinn í upphafi tímabilsins í ár. Ekki er hægt að segja annað en að Óskar hafi nýtt tækifærið vel þegar hann fékk loksins að leika í framlinnunni á nýjan leik.

„Ég lék sem framherji í fyrri og skoraði þá samtján mörk í tólf leikjum, en met-

ið mitt var áður sex mörk í einum leik í hittifyrri með Snerti frá Kópaskeri,” sagði hin 21 árs gamla markamaskína frá Blönduósi, sem fæddist raunar á Akranesi og bjó þar fyrstu tvö ár ævi sinnar. „Ætli það sé bara ekki í genunum þarna á Skaganum að geta skorað mörk,” sagði Óskar, sem segir að lið úr fyrstu deildinni hafi haft samband við sig í vor, en hann hafi kosið að vera hjá Hvöt, sem hann segir vera með góðan hóp og ætli sér upp um deild í sumar. „Svo fer ég líklega til Reykjavíkur í vetur til náms og þá er aldrei að vita hvað gerist. Kannski vantar þá markaskorara á Skaganum,” sagði Óskar og hló.



> Við hrósum ...

... forráðamönnum körfuknattleiksdeildar Keflavíkur fyrir að ætla að taka slaginn í Evrópukeppninni að alvöru. Þeir eru nú að íthuga af mikilli alvöru að fá til sín annan Bandaríkjamann á meðan Evrópukeppninni stendur sem fengi ekki að taka þátt í leikjum liðsins í Intersport-deildinni, eins og nýjar reglugerðir kveða á um.



> Við hrósum ...

... kvennaliði Hauka í körfubolta fyrir þann kjark sem liðið hefur augljóslega með því að taka þátt í Evrópukeppninni. Haukar eru með yngsta lið sem nokkurn tíma hefur tekið þátt í Evrópukeppni í körfubolta, meðalaldurinn er um 18 ár.



STEFÁN GÍSLASON Er óðum að festa sig í sessi hjá liði sínu Lyn í Noregi

Norski boltinn um helgina:

Haraldur á skotskónum

Íslendingarnir í norska boltanum voru atkvæðamiklir í gær eins og svo oft áður og létu nokkrir mikið að sér kveða.

Haraldur Freyr Guðmundsson skoraði fyrir Álasund sem lék á heimavelli gegn Viking í norsku úrvalsdeildinni í gær. Hann skoraði fyrsta mark leiksins en það dugði þó skammt því Viking fagnaði sigri í leiknum 2-1. Hannes Þ. Sigurðsson var í byrjunarliði Viking og lék allan leikinn líkt og Haraldur.

Lyn vann góðan 3-1 sigur á Bodø/Glimt á útvelli en Stefán Gíslason lék allan leikinn með Lyn og stóð sig vel. Þeir Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson voru báðir í byrjunarliði Brann og léku allan leikinn í vörn liðsins sem náði 2-0 sigri á Ham-Kam.

Jóhannes Harðarson lék fyrstu 55. mínúturnar fyrir Start sem vann góðan 2-1 útisigur á Fredrikstad og lagði hann upp fyrsta mark liðsins í leiknum. Start er í efsta sæti deildarinnar með 30 stig að loknum þrettán umferðum, sex stigum á undan Brann og Viking sem koma næst.

Í öðrum leikjum Noregs í gær vann Molde 2-0 sigur á Lilleström og Rosenborg náði góðum 2-1 útisigri á Tromsø.

Tour de France er hafin:

Armstrong er í öðru sæti

HJÓLREIDAR Bandaríkjamadurinn Lance Armstrong var í öðru sæti eftir fyrstu tvo áfangana á Tour de France hjólræðamótinu, sem hófst í gær. Landi hans, David Zabriskie er í forystu, aðeins tveimur sekúndum á undan félaganum. Armstrong var fyrir mótið í ár ekki talinn mjög sigurstranglegur þrátt fyrir að hafa unnið keppnina sex ár í röð, en hann dró það að tilkynna þátttöku sína fram á síðustu stundu að þessu sinni. Ef marka má byrjun kappans er þó ekki að sjá að hann hafi misst taktinn og fróðlegt verður að fylgjast með kappanum í framhaldinu.

-bb

Breiðablik vinnur ÍA á Skipaskaga

Í kvöld hefjast sextán liða úrslit VISA-bikars karla með þremur leikjum en á morgun verða síðan fimm leikir á dagskrá. Jörundur Áki Sveinsson spáir Blikasigrí uppi á Skaga.

FÓTBOLTI Í öllum þremur leikjunum í VISA-bikarnum í kvöld leika lið úr Landsbankadeildinni gegn liðum úr 1.deild. Toppliðin tvö í 1.deildinni kljást bæði við lið sem eru um miðja Landsbankadeildina og því gæti fólk séð í þeim leikjum hver munurinn milli deildanna tveggja er.

Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari Stjörunnar, spáði í leiki kvöldsins fyrir Fréttablaðið en Stjarnan tapaði 2-0 í 32 liða úrslitum keppinnar fyrir Grindavík.

Sigurður Jónsson og lærisveinar hans í Víking Reykjavík taka á móti KR-ingum og reiknar Jörundur með hörkuleik.

„KR-ingum hefur ekki gengið vel í deildinni og ég tel nú ekki möguleika á því að þeir verði Íslandsmeistarar þannig að þeir eru örugglega ákveðnir í að komast áfram í bikarkeppninni. Það er því ábyggilega allt undir hjá þeim í kvöld en að sama skapi þá eru Víkingarnir með bullandi sjálfsstraust. Þeir eru í öðru sæti í 1. deildinni, með baráttuglatti og vel skipulagt lið. Þetta verður því ekki ójafn leikur en ég giska á að KR-ingarnir nái að sigra 2-1.“ sagði Jörundur.

Breiðablik úr Kópavogi trónir taplaust á toppi 1. deildarinnar með sjö stig forskot á Víking sem er í öðru sætinu. Blikar fara



SIGURDUR SKAGINN AFTUR Á HEIMAVELLI? ÍA vann sigur á ÍBV í síðasta heimaleik sínum í síðustu viku.

upp á Skipaskaga og leika gegn ÍA.

„Þetta verður mjög athyglisverður leikur. Mínir fyrrum félagar í Breiðabliki hafa verið spútniklið sumarsins í 1. deild. Þar eru þeir með afgerandi forystu, sprækt lið með duglega stráka. Í bland við þessa efnilegu stráka hafa þeir síðan reynslubolta og ég spái þeim eins marks sigri á Akranesi.“ sagði Jörundur

en hann er fyrrum þjálfari Breiðabliks.

Hann spáir þó ekki jöfnum leik að Hlíðarendan en þar leikur Valur gegn Haukum úr Hafnarfirði sem eru í sjötta sæti 1. deildar. Haukar unnu úrvalsdeildarlið Dróttar óvænt í 32 liða úrslitum eftir vítaspyrnukeppni.

„Úrslitin í þessum leik ættu að vera nokkuð borðleggjandi. Ég held að það sé alveg klárt mál að

þar muni Valur sigra, Haukar hafa sýnt öllu meira í 1. deild en búist var við af þeim í upphafi móts en Valsliðið er of sterkt fyrir þá. Leikmenn Vals hafa mikið sjálfsstraust og bara mjög gott fótboltalið, ég veit að Willum ætlar sér ekkert annað en sigur. Ég spái því að þeir vinni nokkuð létt í þessari viðureign 4-0.“ sagði Jörundur.

elvar@frettabladid.is

Búið er að draga í Evrópukeppnina í körfubolta:

Keflvíkingar í mjög öflugum riðli

KÖRFUBOLTI Karlalið Keflavíkur og kvennalið Hauka eiga erfitt verkefni fyrir höndum í haust, en um helgina var dregið í riðla í Evrópukeppni félagsliða í körfubolta. Keflvíkingar keppa í áskorendakeppni Evrópu, en fyrirkomulagi hefur verið breytt nokkuð frá því sem verið hefur og keppnin orðin sterkari en nokkru sinni fyrr.

Keflvíkingar drógust í undanriðil með finnsku meisturunum í Lappeenranta NMKY og úkraínska liðinu Sumihimprom Sumy, en bæði þessi lið eru firnasterk að mati Sigurðar Ingimundarsonar.

„Ég er ekki frá því að þessi lið séu hreinlega sterkari en liðin sem við myndum mæta í 16 liða úrslitunum ef við förum upp úr þessum riðli,“ sagði Sigurður þegar Fréttablaðið náði tali af honum þar sem hann var staddur úti í München, þar sem forráðamenn liðsins voru að leggja lokahönd á að festa leikdagana, sem að sögn Sigurðar henta liðinu þrýðilega.

Keflvíkingar leika útileikina tvo á þremur dögum í endaðan október og leika svo heimaleikina með hálfsmánaðar millibili í



SIGURÐUR INGIMUNDARSON Telur riðil Keflavíkur vera firnasterkan.

nóvember.

Haukastúlkur eru fyrsta íslenska kvennaliðið sem tekur þátt í Evrópukeppni, en þær verða í riðli með spænska liðinu Caca Canarias frá Kanaríeyjum, en það er einmitt liðið sem Signý Hermansdóttir lék með á sínum tíma, Polissportiva Ares Ribera frá Ítalíu og franska liðinu Pays D'Aix Basket 13. Haukastúlkur munu tefla fram kornungu liði í keppninni og forvitnilegt verður að sjá hvernig þeim reidir af í sínu fyrsta Evrópuævintýri.

-bb

Bikarkeppni SSÍ sem fram fór um helgina:

Anja bætti eigið íslandsmet

SUND Ægir hrósaði sigri í bikarkeppni Sundsambands Íslands sem fram fór um helgina í Laugardalslaug. Sigur Ægis var sannfærandi en í öðru sæti kom Sundfélag Hafnarfjarðar og Íþróttabandalag Reykjanesbæjar í því þriðja. Sundfélagið Óðinn féll úr 1.deild en þeirra sæti tekur Fjölnir sem vann 2.deild.

Karlasveit Ægis setti nýtt Íslandsmet í gær í 4x100 m skriðsundi er hún synti á 3.36,90 mínútum og sló met sem SH átti. Á laug-

ardag bætti Anja Ríkey Jakobsdóttir eigið met í 100 metra baksundi er hún synti á 1.04,91. Á laugardagskvöldinu fór síðan fram sérstakt lágmarksmót um leið og fyrsta hluta bikarmótsins lauk. Þar bætti Anja eigið Íslandsmet í 50 metra baksundi með því að synda á 30,41 sek. Hjörtur Már Reynisson úr KR setti síðan nýtt Íslandsmet í 50 metra flugsundi þegar hann synti á 24,91 sek. en fyrra metið átti hann sjálfur.

Heimsmeistaramót U-20 ára landslið:

Argentína marði Nígeríu

FÓTBOLTI Argentína setti nýtt met með því að sigra Heimsmeistarakeppnu u20 ára í fimmta sinn um helgina. Í úrslitaleiknum vann Argentína 2-1 sigur á Nígeríu í mjög jöfnum úrslitaleik þar sem Nígería komst nálægt því að verða fyrsta Afríkujóðin til að sigra mótið. Tvær vítaspyrnur frá Lionel Messi tryggðu Argentínumönnum sigurinn en hann er bjartasta von fótboltans í Suður-Ameríku. Hann var krýndur markakóngur keppinnar með sex mörk og var einnig valinn besti leikmaður mótsins.

„Ég gjörsamlega ræð mér ekki yfir kæti eftir þennan sigur.



LIONEL MESSI

Messi átti stórfenglegt mót og hann á svo sannarlega skilið allt þetta hrós sem hann fær.“ sagði Francisco Ferraro, þjálfari Argentínu eftir leikinn.

Messi er á mála hjá spænska stórlíðinu Barcelona og er oft líkt við Diego Maradona. Nígeríumadurinn John Obi Mikel varð annar í kjörinu á leikmanni mótsins.

ÚR SPORTINU

Fylkir vann Esso-mótsbikarinn um helgina fyrir besta samanlagða árangurinn en mótið fór fram um helgina á Akureyri og hefur aldrei verið fjölmennara. Það er fimmtí flokkur karla sem keppir á mótinu en Fjölnir sigraði í keppni A-liða með því að leggja FH að velli í úrslitaleik. Fylkir sigraði í keppni B-liða, Víkingur hjá C-liðum, Gróttá hjá D-liðum og í keppni E-liða var það Sindri sem vann. **Eiður Smári Guðjohnsen** sá um að veita verðlaun á lokahöfnu ásamt Sveppa vini sínum.

Argentínski varnarmaðurinn **Amauricio Pellegrino** er búinn að finna sér nýtt lið en hann hefur gert samning við spænska liðið Deportivo Alaves sem leika mun í efstu deild næsta tímabil. Pellegrino er 33 ára gamall og lék eins og menn muna með Liverpool síðasta tímabil, hann lék tólf leiki með Liverpool í ensku úrvalsdeildinni en tók ekki þátt í sigri liðsins í Meistaradeild Evrópu. Hann mátti ekki taka þátt í keppninni eftir að hafa komið frá Valencia í janúar en hann lék með því liði fyrr í keppninni.

Norður-írski miðjumaðurinn **Keith Gillespie** er þessa dagana að æfa á fullu með enska 1.deildarliðinu Leeds United í þeirri von að fá samning hjá félaginu. Samningur hans við Leicester rann út eftir síðasta tímabil og félagið hafði ekki áhuga á að endurnýja hann. Gillespie ætlaði einnig að fá æfa með Crystal Palace en hefur ákveðið að leggja frekar áherslu á að reyna að heilla Kevin Blackwell og fá samning hjá Leeds.

Ákveðið hefur verið að ítalska landsliðið mun leika vinnu-landsleik gegn Brasilíu í lok ársins. Landsliðsþjálfarinn **Marcello Lippi** segir að það sé mikilvægt fyrir Ítalíu að ná leik gegn svona stóru liði í undirbúningi sínum fyrir Heimsmeistarakeppnina sem fram fer í Þýskalandi á næsta ári. Leikurinn fer fram á Ítalíu í nóvember, Brasilía er sigurstranglegasta þjóðin fyrir mótið eftir að hafa unnið Álfukeppnina og þá eru þeir núverandi Heimsmeistarar.

Ungstirnið LeBron James hjá Cleveland í NBA-deildinni í körfubolta lætur ekki sitt eftir liggja þegar kemur að því að lokka nýja leikmenn til félagsins. James hefur sjálfur útbúið kynningarmyndband um þær aðstæður og hagi sem bíða hverjum þeim leikmanni sem hefur hug á að ganga til liðs við Cleveland. Þessu myndbandi hefur James dreift á alla helstu leikmennina sem eru með lausan samning um þessar mundir. Á meðal þeirra sem eru í boði eru þeir Ray Allen, skotbakvörður Seattle Supersonics, og Michael Redd, skotbakvörður Milwaukee Bucks. Með þessu uppátæki sínu hyggst James, sem er af mörgum talinn hæfileikaríkasti leikmaður deildarinnar, hjálpa forráðamönnum félagsins við að búa til lið sem á möguleika á að vinna meistaratitilinn í nánustu framtíð.

Leikur ÍBV og Fylkis: **Einkunnagjöf vantaði**

LEIÐRÉTTING Vegna mistaka í vinnslu sunnudagsútgáfu Fréttablaðsins misförst að birta einkunnagjöf leikmanna úr leik ÍBV og Fylkis í Landsbankadeild karla sem fram fór á laugardaginn. Við biðjumst velvirðingar á mistökunum og birtum einkunnarnar og aðrar upplýsingar nú.

ÍBV 4-5-1	FYLKIR 4-3-3	
Birkir	7	Bjarni Þórður 8
Bjarni Geir	6	Gunnar Þór 6
(77. Sam)	-	Valur Fannar 7
Páll Hjarðar	4	Kristján V. 6
Bjarni Hólm	5	Helgi Valur 7
Adolf	5	Viktor Bjarki 7
(40. Bjarni Rúnar)	4	Guðni Rúnar 7
Atli	6	Jón Björgvin 6
Pétur	5	(70. Kjartan Agúst) -
Heimir Snær	5	Christiansen 6
Jeffs	7	(75. Albert) -
Platt	3	*Björgólfur 8
(67. Pétur Óskar)	-	Eyjólfur 7
Steingrímur	4	(88. Agnar Bragi) -

*MADUR LEIKSINS

Roger Federer vann Wimbledon-mótið þriðja árið í röð:

Kominn í sögubækurnar

TENNIS „Núna er ég í skapi til að fá mér bjór. Ég gjörsamlega lagði mig allan fram til að ná að sigra þennan gaur. En það er alveg ástæða fyrir því að hann er talinn sá besti í bransanum. Hann er nánast fullkominn leikmaður, kannski maður þurfi bara að kýla hann til að ná að sigra hann!“ sagði hinn bandaríski Andy Roddick eftir að hann beið lægri hlut fyrir Roger Federer í úrslitum Wimbledon mótsins í Tennis í gær. Þetta var ekki í fyrsta sinn sem hann tapar fyrir honum.

Federer er 23 ára gamall og vann Roddick örugglega 3-0 í úrslitaeinvíginu (6-2, 7-6 og 6-4). Hann varð þar með áttundi maður-

inn til að vinna þrjú ár í röð og fetaði þar með í fótspor manna eins og Bjorn Borg og Pete Sampras. „Ég náði að spila minn besta leik og þessi sigur var auðveldari en í fyrra. Ég kom hingað með miklar væntingar, Sampras og Borg eru báðir meðal uppáhalds leikmanna minna frá upphafi. Það er frábært að komast í þennan hóp og vonandi mun ég vinna oft en þrisvar í röð.“ sagði Federer.

Þetta var annað árið í röð sem Federer sigraði Roddick í úrslitaeinvígi þessa móts og jafnframt var þetta 36. sigurleikur Federers í röð á grasi sem sýnir glöggt hve gríðarlega fær tennisþjálfari hann er.



ROGER FEDERER Hefur ekki tapað í síðustu 36 viðureignum sínum sem fram hafa farið á grasi. Hér sést hann taka á móti bikarinn fyrir sigurinn á Wimbledon-mótinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

RATAÐU Á RÉTTA TÆKIÐ



Garmin StreetPilot c320 leiðsögutæki fyrir bifreiðar

Nýtt GPS kort fyrir Garmin-tæki með götum og heimilisföngum

GPS kort er vektor-kort af Íslandi fyrir Garmin GPS-tæki með leiðsöguhæfum vegagögnum um allt land, ásamt götukorti af höfuðborgarsvæðinu með heimilisföngum, 40.000 örnefnum og áhugaverðum stöðum, vatnafari, þjóðvegum, fjallaslóðum og skálaskrá. Í fyrsta sinn á Íslandi er saman komið vegakort með leiðsöguhæfum gögnum fyrir PC-tölvur, Windows Mobile handtölvur og Garmin GPS-tæki. Láttu ekki afvegaleiða þig – veldu Garmin.



Garmin Quest
Einfalt og handhægt leiðsögutæki í bílinn eða mótörhjól. Fer líka vel í vasa þegar tveir jafnfljótir fara af stað.



Garmin GPSmap 60C
Níðsterkt tæki í alla útivist. Eitt með öllu!




Garmin iQue M5
Öflug vasatölva með GPS korti – og fundurinn byrjar á réttum tíma.

www.garmin.is

Komdu í glæsilega verslun okkar við Fiskislóð 16 úti á Granda og kynntu þér gott úrval GPS-staðsetningartækja frá Garmin. Við eigum tæki sem henta fyrir bátinn, bílinn, flugið, útivistina og jafnvel skokkið, innanbæjar sem utan.

R.SIGMUNDSSON



FIMMTI SIGURINN Fernando Alonso var kátur á verðlaunapallinum í gær.

Formúlu 1 kappaksturinn í Frakklandi í gær:

Alonso færði Renault sigur

FORMÚLA 1 Spánverjinn Fernando Alonso styrkti stöðu sína í Formúlu-1 í gær þegar hann vann öruggan sigur á Magny Cours brautinni. Hann var á ráspól og lét forystuna aldrei af hendi, var í fyrsta sæti frá upphafi til enda keppinnar. Hann jók þó forskot sitt ekki mikið í heildarkeppni ökuþóra þar sem hans helsti keppinatur, Kimi Räikkönen, varð annar í kappakstrinum þrátt fyrir að hafa þurft að byrja þrettándi á ráslnu. Heimsmeistarinn Michael Schumacher var þriðji en hann var tæplega hring á eftir Alonso.

Þetta var fimmti sigur Alonso á þessu ári en það gerði dagsverk hans auðveldara að Kimi

Räikkönen þurfti að hefja leik svona aftarlega. Ástæðan fyrir því er sú að vél hans bilaði á föstudag og þurfti að setja nýja. Samkvæmt reglum eiga menn að færast tíu sætum aftar á ráslnu en hann hefði byrjað þriðji ef þetta hefði ekki komið fyrir.

„Atvikið sem varð á föstudaginn skemmdi þessa keppni algjörlega fyrir mér. Mikil vonbrigði að lenda í því. En það þýðir annars ekkert annað en að líta á björtu hliðarnar, þetta hefði getað reynst mér enn dýrkeyptara.“ sagði Räikkönen. Hann og Alonso voru algjörlega í sérflokk í Frakklandi í gær. „Tíu síðustu hringirnir voru rosalega lengi að líða, ég var bara að bíða eftir því að komast yfir

STABA ÖKUMANNA

Fernando Alonso, Renault	69
Kimi Räikkönen, McLaren	45
Michael Schumacher, Ferrari	40
Jarno Trulli, Toyota	31
Rubens Barrichello, Ferrari	29

STABA BÍLASMÍÐA

Renault	89
McLaren	71
Ferrari	69
Toyota	53
BMW Williams	47

línuna og fagna sigrinum með liðsfélögum mínum.“ sagði Alonso eftir að hann kom í mark.

Williams-liðið var vonbrigði mótsins þar sem Mark Webber endaði tólfti og Nick Heidfeld fjórtándi. Renault-liðið vann þarna sigur á heimavelli í fyrsta sinn í 22 ár og hefur nú 18 stiga forystu í keppni bílasmíða.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

1 2 3 4 5 6 7

Sunnudagur

LEIKIR

19.15 **Víkingur** tekur á móti **KR** í VISA-bikarkeppni karla á Víkingsvelli.

19.15 **Valur** tekur á móti **Haukum** í VISA-bikarkeppni karla að Hlíðarenda.

19.15 **ÍA** mætir **Breiðablik** í VISA bikarkeppni karla.

20.00 **FH** tekur á móti **Keflavík** í Landsbankadeild kvenna.

SJÓNVARP

17.45 **Gillette sportpakinn** á Sýn.

18.15 **PGA mótið í golfi** á Sýn.

22.00 **Ensku bikarmörkin** á Sýn.

22.55 **Kraftasport** á Sýn.

23.25 **Álfukeppnin 2005** á Sýn.

Graeme Souness:

Fær hann að fjúka fyrstur?

FÓTBOLTI Samkvæmt veðbönkum er líklegast að Graeme Souness hjá Newcastle verði fyrsti framkvæmdastjóri ensku úrvalsdeildarinnar til að verða rekinn á næsta tímabili. Hann er alveg harðákvæðinn í að sigrast á þessum líkum. „Ef ég endist í 12 mánuði til viðbótar þá telst það gott. Ég verð að sýna styrk og mun örugglega ekki gefast upp á þessari áskorun. Það er aðeins ein leið sem ég fer, það er mín leið.“ sagði Souness.

Laurent Robert, sem er farinn frá Newcastle til Portsmouth, fékk sekt í síðustu viku fyrir að gagnrýna þjálfunaraðferðir Souness harðlega. „Hann er bara að reyna að skemma fyrir okkur og á ekki skilið að fá þá athygli í fjölmiðlum sem hann er að fá.“ sagði Souness sem telur að það sem hafi skemmt síðasta tímabil hafi verið slagsmál Lees Bowyer og Kierons Dyer í apríl. „Möguleiki okkar á velgengi hvarf þá skyndilega.“ sagði Souness. -egm



VIERI Hefur átt köflóttu gengi að fagna á undanförmum árum.

Framherjinn Christian Vieri:

Ákveður sig senn

FÓTBOLTI Í lok vikunnar ætlar sóknarmaðurinn Christian Vieri að vera búinn að taka ákvörðun um það hvar hann leikur á næstu leiktíð. Þetta sagði umboðsmaður hans, Sergio Berti, við enska fjölmiðla.

Vieri er að verða 32 ára en samningi hans við Inter Milan var rift í síðustu viku, hann hefur átt frekar brösótta tíma síðan Roberto Mancini tók við liðinu. Vieri hefur verið orðaður við nokkur ensk lið, Tottenham, Bolton, Liverpool og Newcastle. Fyrsta tungumál Vieri er enska en hann ólst upp í Ástralíu.

Graeme Souness, framkvæmdastjóri Newcastle, segir að það sé efst á óskalista hans að fara í spænska boltann. „Ég fékk mann sem ég þekki til að ræða við Vieri og Vieri sagði honum að það væri hans ósk að fara til Spánar.“ sagði Souness. -egm



Allra veðra von

Notaðu viðarvörn sem þolir íslenskt veðurfar

Viðarvörn er ekki það sama og viðarvörn. Kjörvari er sérstaklega þróaður fyrir íslenska veðráttu þar sem mikilvægt er að gæðin séu í lagi.



Tryggðu viðnum bestu fánlegu vörn. Á Íslandi er allra veðra von.



Náðu þér í nýja Kjörvara litakortið

Útsöluastaðir Málningar: Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði Málningarbúðin Akranesi • Byko Akranesi • Axel Þórarinnsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði Litabúðin Ólafsvík Núpur byggingavörverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsvirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

málning
-það segir sig sjálf-



GILARDINO Hefur staðið sig frábærlega með Parma á síðustu tveimur árum.

Slegist um Gilardino:

Inter og Chelsea hafa áhuga

FÓTBOLTI Enska liðið Chelsea og ítalska liðið Inter Milan hafa blandað sér í kapphlaupið um sóknarmanninn Alberto Gilardino hjá Parma.

Þessi 22 ára ítalski landsliðsmaður hefur verið sterklega orðaður við AC Milan en ljóst er að félagið getur ekki gengið að leikmanninum. Inter var að missa Christian Vieri og er talið að það hafi að hluta til verið gert til að búa til rými fyrir Gilardino á launalista félagsins. Auk þess hljómar ekki illa að hafa sóknarpar skipað þeim Gilardino og Adriano.

Inter er að undirbúa risatíð og ætlar auk penings að bjóða Giovanni Pasquale, Julio Cruz og Dominic Morfeo í skiptum en sá síðastnefndi var hjá Parma á láns-samningi síðasta leiktímabil. Þá gæti verið að Chelsea leggi áherslu á að reyna að krækja í Gilardino enda eru Mikael Forsell og Mateja Kezman farnir og framtíð Hernan Crespo í óvissu.

Héðinsmótið í bekkpressu:

Tvö Íslandsmet féllu

KRAFTLYFTINGAR Hið árlega Héðinsmót í bekkpressu fór fram á Ólafsfirði um helgina, en mótið er haldið í minningu Héðins Magnússonar og þar voru tvö Íslandsmet slegin að þessu sinni.

Jakob Baldursson frá Akranesi sigraði í stigakeppninni í karlaflokki með því að lyfta 255 kílóum í 110 kg flokki, sem er Íslandsmet og héraðsbúinn Ísleifur Árnason bætti 13 ára gamalt met Kára „Kattar“ Elísonar í 82,5 kg flokki um hálf kíló þegar hann lyfti 195,5 kílóum.

Í stigakeppninni í kvennaflokki sigraði Thalithya Overvliet nokkuð auðveldlega. -bb

Hernan Crespo:

Fer hann aftur til Chelsea?

FÓTBOLTI Chelsea er að reyna að fá Hernan Crespo til að snúa aftur á Stamford Bridge. Crespo var hjá AC Milan á láns-samningi á síðustu leiktíð og vill ólmur vera áfram á Ítalíu.

„Chelsea er að reyna að sannfæra mig um að snúa aftur en vilji minn er að vera áfram á Ítalíu. Ég hef aldrei lent í neinu rifrildi við Jose Mourinho. Ég hef ekki rætt við hann en hef heyrt að hans skoðun á mér hafi breyst.“ sagði Crespo. Chelsea hefur ekki riðið feitum hesti úr leit sinni að sóknarmanni það sem af er sumri.

Á miðvikudag hefjast æfingar hjá liðinu fyrir næsta tímabil en Mourinho hefur ekki tekist að fá sóknarmann í stað Mateja Kezman sem seldur var til Atletico Madrid. Crespo verður þrítugur í vikunni en hann var keyptur árið 2003 á 16,8 milljónir punda.

David Gill, stjórnarmaður hjá Manchester United:

Rooney verður ekki seldur

FÓTBOLTI Glazer-fjölskyldan mun ekki freistast til að selja sóknarmanninn Wayne Rooney að sögn David Gill, stjórnarmanns hjá Manchester United. Hann fór á fund fjölskyldunnar og eftir það segist hann hafa sannfærst um að félagið þurfi ekki að selja sína helstu leikmenn.

„Glazer-fjölskyldan hefur gríðarlega reynslu af því að reka íþróttafélög og skilur að velgengnin fer eftir því hvernig gengur á sjálfum vellinum. Ég get eiginlega bókað það að Wayne Rooney verður ekki seldur. Sir Alex Ferguson fær peninginn sem hann þarf til að kaupa leikmenn, þegar allt kemur til alls þá snýst

þetta um að hafa sterkt lið á vellinum.“ sagði Gill.

Þá sagði Gill að ekkert væri til í því að fyrirhugað væri að selja heimavöll félagsins, Old Trafford. Einnig talaði hann um að það væri engin krafa um árangur sett af Glazer-fjölskyldunni á Sir Alex Ferguson, framkvæmdastjóra Manchester United.

„Það eru engin ákveðin markmið sett, Glazer-fjölskyldan skilur að ekki er hægt að ábyrgjast velgengni. Þeirra hlutverk er að láta framkvæmdastjórnann fá verkfæri, sem eru í formi leikmanna, til að tryggja að félagið sé í fremstu röð. Við ætlum okkur að vera í hópi þeirra bestu í Evrópu

og stefnum á sigur í ensku deildinni og bikarnum. Þá ætlum við okkur lengra í Evrópukeppninni.“ sagði Gill en greinilegt er að forráðamenn Manchester United gera nú allt sem í þeirra valdi stendur til að koma ró á stuðningsmenn félagsins áður en næsta tímabil hefst og sannfæra þá um að Glazer ætli sér góða hluti.

-egm

WAYNE ROONEY Fer ekki frá félaginu þótt hann sé líklega verðmætasti leikmaður liðsins í dag. Sagan sýnir að Glazer-fjölskyldan er von að selja sínar dýrustu eignir um leið og gott tilboð berst og ætti Rooney ekki að vera nein undantekning þar.



Glæsilegir svefnsófar



